

## MIKIL UPPBYGGING

Ársskýrsla KSÍ fyrir starfsárið 2006 er gefin út með svipuðu sniði og undanfarin ár. Í þessari skýrslu er stiklað á stóru um ýmis mál tengd mótum félagsliða og landsliða, mannvirkjamál, fræðslumál, fjármál og margt fleira. Aftast í skýrslunni er svo að finna ársreikning sambandsins.

Eins og áður fylgir þessu riti ítarleg fylgiskýrsla sem inniheldur m.a. skýrslur nefnda sambandsins. Úrslit leikja í mótum á vegum KSÍ er ekki að finna í fylgiskýrslunni, heldur er haldið áfram samstarfi við bókaútgáfuna Tind um að birta úrslit allra leikja í öllum mótum í bókinni *Íslensk knattspyrna* eftir Víði Sigurðsson. KSÍ hefur sent aðildarfélögum sínum eintak af bókinni.

## STJÓRN OG STARFSFÓLK

60. ársþing KSÍ var haldið á Hótel Loftleidum 11. febrúar 2006. Engar breytingar urðu á stjórn KSÍ og var hún þannig skipuð að loknu ársþingi:

Eggert Magnússon, formaður  
Halldór B. Jónsson, varaformaður  
Eggert Steingrímsson, gjaldkeri  
Jón Gunnlaugsson, ritari  
Ágúst Ingi Jónsson  
Ástráður Gunnarsson  
Björn Friðþjófsson  
Ingibjörg Hinriksdóttir  
Lúðvík S. Georgsson

Varamenn voru Jóhannes Ólafsson, Kjartan Daníelsson og Þórarinn Gunnarsson. Fulltrúar landshluta í stjórn voru Jakob Skúlason (Vesturland), Ómar Bragi Stefánsson (Norðurland), Guðmundur Ingvarson (Austurland) og Einar Friðþjófsson (Suðurland).

Stjórn KSÍ hélt 13 bókaða fundi á árinu (milli ársþinga).

Starfsmenn skrifstofu KSÍ voru:  
Geir Þorsteinsson, framkvæmdastj.  
Birkir Sveinsson, mótastjóri  
Eyjólfur Sverrisson, sparkvallamál  
Gunnar Gylfason, landsliðsmál  
Halldór Örn Þorsteinsson, mótamál  
Klara Bjartmarz, skrifstofustjóri  
Luka Kostic, hæfileikamótun  
Margrét Elíasdóttir, ritari  
Ómar Smáráson, leyfisstjóri  
Pálmi Jónsson, fjármálastjóri  
Ragnheiður Elíasdóttir, ritari  
Sigurður R. Eyjólfsson, fræðslustj.  
Þorvaldur Ingimundarson, mótamál  
Jóhann Kristinsson, vallarstjóri  
Sigríður Sigurðardóttir, ræstitæknir

## EGGERT HÆTTIR SEM FORMAÐUR KSÍ

Eggert Magnússon tilkynnti á stjórnarfundum KSÍ í lok nóvember að hann myndi láta af starfi formanns KSÍ á ársþinginu í febrúar 2007. Eggert var kjörinn formaður KSÍ í desember 1989 og hefur verið endurkjörinn 8 sinnum, síðast í febrúar 2006, til tveggja ára. Eggert hefur verið í forystu knattspyrnuhreyfingarinnar og leitt hana í gegnum miklar breytingar á þeim tæpu tveimur áratugum sem hann hefur gegnt formennsku.

## FLEIRI OG STÆRRI VERKEFNI

Með hverju árinu sem líður fjölgar verkefnunum hjá skrifstofu KSÍ. Iðkendum, mótum og skyldum fjölgar stöðugt og um leið aukast óhjákvæmilega kröfur um aukna og bætta þjónustu skrifstofunnar við aðildarfélögin og aðra tengda aðila. Þá aukast stöðugt verkefni sem UEFA og FIFA leggja á knattspyrnusamböndin og við því þarf KSÍ að bregðast. Framundan er m.a. átak í menntunar- og útbreiðslumálum dómara og útbreiðslu Futsal, sem tekur við af þeirri tegund innanhússknattspyrnu sem leikin hefur verið hér á landi.

Síðustu tvö sumur hefur verið bætt við tveimur sumarstarfsmönnum í síðdegis- og kvöldvinnu í móta-deild KSÍ og hefur sú ákvörðun reynst vel. Þessir tveir starfsmenn skiptu með sér vöktum og er hlutverk þeirra m.a. að fylgja því eftir að úrslit leikja í öllum mótum séu skráð inn í gagnagrunn KSÍ innan tilskilins tíma, auk þess sem þau aðstoðuðu við skráningu á leikskýrslum.

## LAUGARDALSVÖLLURINN AÐ VERÐA TILBÚINN

Í upphafi árs 2007 er hinum umfangsmiklu framkvæmdum við Laugardalsvöll að ljúka. Aðstaða áhorfenda við völlinn er stórbætt, sem og aðstaða KSÍ. Þær framkvæmdir sem um ræðir eru stækkun og endurbætur á vesturstúku Laugardalsvallar og uppbygging skrifstofuaðstöðu og fræðsluseturs KSÍ. Stúkan rúmar nú um 6.500 sæti og völlurinn alls um 10.000 manns í sæti.

Þá hefur risið ný bygging sem hýsir skrifstofu KSÍ og fræðslusetur. Þessi bygging er einnig þjónustubygging fyrir stúkuna og leikvanginn í heild. Þjónustusvæði áhorfenda hefur verið endurbætt og stækkað. Um algera byltingu er að ræða á þeirri aðstöðu sem KSÍ hefur til afnota og mun gera sambandinu kleift að bæta verulega þá þjónustu sem veitt er, til vallargesta, aðildarfélaga og annarra tengdra aðila.

## SPARKVALLAVERKEFNIÐ

Sparkvallaverkefni KSÍ, sem átti að ljúka á árinu 2005, var framlengt um tvö ár, eftir að frekari fjárveitingar fengust frá ríkinu. Byggðir voru 12 sparkvellir á árinu og hafa því alls verið byggðir 76 sparkvellir með þessu átaki.

Verkefnið hefur hlotið verðskuld-  
aða athygli innan knattspyrnu-  
hreyfingarinnar, meðal almennings  
og hjá sveitarfélögunum. Vonast er  
til að árið 2007 verði byggðir um  
35 vellir og heildarfjöldinn nái þar  
með 111 á árinu en þar með er gert  
ráð fyrir að þessu verkefni sé lokið.

### KNATTSPYRNUHÚSUM FJÖLGAR

Aðstaða til æfinga og iðkunar  
knattspyrnu yfir vetrartímamann var  
lengi vel bágborin hér á landi.  
Æfingar byggðust að mestu leyti  
upp á útihlaupum á erfiðu  
undirlagi, lyftingum og einstaka  
tilraunum til knattspyrnuíðkunar á  
frosnum malarvöllum. Nú er tíðin  
önnur. Hvert knattspyrnuhúsið af  
öðru hefur risið og gervigrasvöllum  
hefur fjölgað verulega. Á síðasta ári  
voru tekin í notkun ný knattspyrnu-  
hús með keppnisvelli í fullri stærð á  
Akranesi og á Reyðarfirði, og í  
Kópavogi mun rísa knattspyrnuhús  
sem uppfyllir allar kröfur til leikja í  
alþjóðlegum keppnum. Undirbún-  
ingur að knattspyrnuhúsum, þó ekki með  
velli í fullri stærð, er þegar hafinn í  
Grindavík og í Vestmannaeyjum.

Aðstaða á heimavöllum félaganna  
heldur einnig áfram að batna, ekki  
síst vegna þeirra krafna sem settar  
eru fram í leyfiskerfi KSÍ, en þar er  
m.a. kveðið á um lágmarksaðstöðu  
fyrir áhorfendur og fjölmiðla á  
leikjum í Landsbankadeild karla og  
nú einnig í 1. deild karla.

### AÐSÓKNARMETIÐ FÉLL

Aðsókn að leikjum Landsbanka-  
deildar karla var góð allt keppnis-  
tímabilið og svo fór að áhorfenda-  
metið frá 2001 féll. Alls mættu  
98.026 manns á leiki deildarinnar,  
eða 1.089 að meðaltali. Ekki tókst  
þó að rjúfa 100.000 manna múrinn,  
en vafalítið verður gerð önnur  
atлага að því takmarki á komandi

keppnistímabili. FH-ingar, sem  
hömpuðu Íslandsmeistaratitlinum  
þriðja árið í röð, fengu langflesta  
áhorfendur að meðaltali á sína  
heimaleiki og ljóst þykir að sú  
skemmtilega knattspyrna sem þar  
er leikin laðar að áhorfendur í  
stríðum straumum.

Þennan mikla knattspyrnuáhuga  
þarf að efla með markvissu  
markaðsstarfi félaganna og KSÍ, í  
samstarfi við fjölmiðla og  
samstarfsaðila. Þrátt fyrir góða  
aðsókn er ýmislegt sem má bæta,  
sérstaklega hvað varðar aðstöðu,  
því með betri aðstöðu fyrir  
áhorfendur fáum við fleira fólk á  
völlinn og með bættri fjölmiðla-  
aðstöðu gerum við fulltrúum fjöl-  
miðla auðveldara að vinna starf sitt,  
sem mun auka umfjöllun um  
leikina.

Keflvíkingar urðu VISA-bikar-  
meistarar karla, í annað sinn á  
þremur árum, en þeir unnu einnig  
bikarinn árið 2004.

Valur tók forystu í Landsbanka-  
deild kvenna í byrjun keppnis-  
tímabilsins og hélt henni allt til  
loka. Valsstúlkur töpuðu aðeins  
einum leik á meðan Breiðablik,  
sem veitti Val harða keppni allt  
sumarið, tapaði tveimur.

Valsstúlkur hömpuðu einnig sigri í  
VISA-bikarnum með því að leggja  
Blika í úrslitaleiknum.

### MIKLAR BREYTINGAR FRAMUNDAN

Ljóst er að mikill vilji er innan  
knattspyrnuhreyfingarinnar til að  
fjölga liðum í landsdeildum og  
miklar breytingar munu verða á  
núverandi fyrirkomulagi á næstu  
árum. Á ársþinginu 2006 var  
samþykkt tillaga um fjölgun liða í  
1. deild karla og fyrir ársþinginu  
2007 liggur tillaga um fjölgun í  
öðrum landsdeildum, þ.e. Lands-

bankadeild karla, 2. deild karla og  
Landsbankadeild kvenna.

### SAMNINGAR FRAMLENGDIR

Síðastliðið vor var gengið frá  
samningum um Landsbanka-  
deildina við Landsbankann og  
VISA-bikarinn við VISA Ísland til  
fjögurra ára eða fyrir keppnis-  
tímabilin 2006 - 2009. Ekki þarf að  
fara mörgum orðum um mikilvægi  
þessara samninga fyrir félögin,  
enda hefur samstarfið við þessi  
fyrirtæki gengið afar vel. Þá var  
verðlaunafé í VISA-bikar karla og  
kvenna jafnað, líkt og áður hafði  
verið gert í Landsbankadeildum  
karla og kvenna. Óhætt er að  
fullyrða að um sé að ræða  
einsdæmi í knattspyrnuheiminum  
öllum.

Þá var einnig samið um sjónvarps-  
útsendingar frá Landsbanka-  
deildinni og VISA-bikarnum árin  
2006-2009. Sýn mun sýna beint frá  
Landsbankadeild karla og RÚV frá  
VISA-bikar karla, auk þess sem  
markaðstíðir verða á dagskrá beggja  
stöðva. Þá gerði RÚV samkomulag  
við KSÍ um að gera Landsbanka-  
deild kvenna og VISA-bikar  
kvenna betri skil en áður. Í því  
felst að sýnt verður beint frá  
nokkrum leikjum Landsbanka-  
deildar kvenna á RÚV og úrslita-  
leik VISA-bikars kvenna, auk þess  
sem markaðstíðir verða sýndir.

### FRÁBÆR ÁRANGUR BLIKA Í EVROPUKEPPNI KVENNA

Breiðablik náði frábærum árangri í  
Evrópukeppni félagsliða kvenna á  
árinu og komst í 8-liða úrslit, eins  
og Valur gerði árið á undan. Þessi  
árangur sýnir vel hversu miklar  
framfarir hafa orðið í íslenskri  
kvennaknattspyrnu á undanförunum  
árum. Íslensk félagslið hafa nú sýnt  
að þau standa framarlega á  
evrópskan mælikvarða.

Blikastúlkur fóru í gegnum tvær umferðir í riðlakeppni og léku þar frábærlega gegn nokkrum af sterkustu félagsliðum kvenna í Evrópu. Enska liðið Arsenal reyndist þó of stór biti í 8-liða úrslitum, en engu að síður er um að ræða frábæran árangur, sem vonandi verður áframhald á.

## LEIKJUM FJÖLGAR ENN

Leikjum í mótum á vegum KSÍ fjölgar stöðugt og hafa leikir á vegum KSÍ hafa aldrei verið fleiri en í ár, eða 5.179 samanborið við árið á undan þegar leikirnir voru 5.120, en þess má geta að það ár fór leikjafjöldinn í fyrsta sinn yfir fimm þúsund.

## NÁÐU EKKI AÐ FYLGJA EFTIR GÓÐRI BYRJUN

Undankeppni EM 2008 byrjaði vel með frábærum sigri á útivelli gegn Norður-Írum. Okkar piltar náðu því miður ekki að fylgja eftir þessari byrjun og þrír ósigrar í röð í kjölfarið voru vonbrigði. Margir leikir eru eftir og mikilvægt að snúa þessu við á árinu 2007.

A-landslið kvenna hafnaði í 3. sæti í sínum riðli í undankeppni HM 2007. Óvænt tap gegn Tékkum á Laugardalsvellingum gerði út um HM-vonir liðsins. Í desember var dregið í riðlakeppni EM 2009 og lentum við þar í riðli með Frökkum, Serbum, Grikkjum og Slóvenum. Þessi niðurstaða verður að teljast hagstæð og vekur vonir um að liðið nái langþráðu markmiði árið 2009 og komist í úrslitakeppni EM.

## REKSTRARAFKOMA KSÍ ALDREI VERIÐ BETRI

Heildartekjur KSÍ samstæðunnar 2006 voru 516,5 milljónir kr. og

heildargjöld voru 417,2 milljónir kr. Hagnaður varð því 99,3 milljónir kr.

Rekstrarafkoma KSÍ samstæðunnar er sú besta í sögu sambandsins og eigið fé hennar var í lok árs 2006 orðið 280,6 milljónir kr.

•••••

## MÓTIN 2006

Skipulag landsmóta í meistaraflokki var með hefðbundnum hætti árið 2006. Í Landsbankadeild kvenna þurfti þó að skipta um lið í lok mars, þegar ÍBV hætti þátttöku og Þór/KA tók sæti þeirra. Í 3. deild karla var nauðsynlegt, líkt og árið áður, að víkja frá hefðbundinni skiptingu í riðlakeppni vegna breyttrar þátttöku.

## ÍSLANDSMÓT INNANHÚSS

Íslandsmót meistaraflokka karla og kvenna í innanhússknattspyrnu fóru fram í lok nóvember. KR-stúlkur hrósuðu sigri í kvennaflokki með því að leggja Stjörnuna í úrslitaleik með tveimur mörkum gegn engu. Það voru Blikar sem reyndust sterkastir í karlaflokki og lögðu Keflvíkings í úrslitaleik með sjö mörkum gegn þremur.

## DEILDARBIKARINN

Deildarbikar karla og kvenna hófst 1996 og fór því nú fram í 11. sinn. Að venju var leikið að mestu í knattspyrnuhúsum (Boganum, Egilshöll, Fifunni og Reykjaneshöll), en leikið var að hluta til utandyra þegar fór að vora.

FH-ingar tryggðu sér Deildarbikar-meistaratitilinn með því að sigrar Keflvíkings með þremur mörkum gegn tveimur í úrslitaleik A-deildar,

en leikið var á Stjörnuvelli. Breiðablik varð Deildarbikar-meistari í A-deild kvenna með sigri á Val í úrslitaleik, 2-1. Leikið var í Egilshöll.

## HÉRAÐSMÓT

Framarar unnu Reykjavíkur-meistaratitilinn í meistaraflokki karla með sigri á Víkingi í úrslitaleik, 2-1, en leikið var í Egilshöll. KR varð Reykjavíkur-meistari í meistaraflokki kvenna og tryggðu KR-stúlkur sér titilinn með sigri á Val í lokaumferðinni.

Þórsarar höfnuðu í efsta sæti Norðurlandsmóts Powerade og sigruðu því í mótinu annað árið í röð. Mótið var haldið í fjórða skipti og fóru allir leikir mótsins fram í knattspyrnuhúsinu Boganum á Akureyri.

Breiðablik fagnaði sigri í Faxaflóamóti meistaraflokks kvenna, sem fram fór í annað sinn. Sex lið tóku þátt í mótinu og var leikin einföld umferð.

## ATLANTIC-BIKARINN EFTIR Í FÆREYJUM

Færeyska félagið B36 sigraði í keppninni um Atlantic-bikarinn þegar þeir lögðu Íslandsmeistara FH. Leikið var í Þórshöfn og eftir venjulegan leiktíma var staðan jöfn, 2-2. Grípa þurfti til vítaspyrnukeppni og höfðu Færeyingarnir betur. Keppnin, sem er árleg viðureign Íslandsmeistara og Færeyjameistara, er samstarfsverkefni milli Íslands og Færeyja, með stuðningi knattspyrnusambandanna og opinberra aðila.

## MEISTARAKEPPNI KSÍ

Meistarakeppni KSÍ, viðureign Íslandsmeistara og bikarmeistara,

fór nú fram í fjórða sinn frá því hún var endurvakin árið 2003 og fór hún þá fram í fyrsta skipti síðan 1998.

Í Meistarakeppni karla unnu bikarmeistarar Vals Íslandsmeistara FH með einu marki gegn engu, en leikurinn fór fram á efri velli í Kaplakrika.

Breiðablik og Valur áttust við í Meistarakeppni kvenna á Stjörnuvelli. Blikastúlkur unnu öruggan sigur í þeim leik, skoruðu fimm mörk gegn einu marki Vals.

## ÍSLANDSMEISTURUNUM SPÁÐ TOPPSÆTINU

Á hinum árlega kynningarfundum Landsbankadeildar karla, sem fram fór í Smáralind, spáðu fulltrúar félaganna um lokastöðu liðanna í deildinni. Íslandsmeisturum FH var spáð sigri í mótinu, en Skagamenn og KR-ingar voru ekki langt undan. ÍBV og Víkingi var spáð falli, en Breiðabliki og Grindavík var einnig spáð fallbaráttu. Hefði spáin gengið eftir hefði röð liða verið þannig að mótinu loknu:

Röð	Félag	Stig
1.	FH	268
2-3.	ÍA	247
2-3.	KR	247
4.	Valur	225
5.	Keflavík	170
6.	Fylkir	150
7-8.	Breiðablik	91
7-8.	Grindavík	91
9.	ÍBV	82
10.	Víkingur	79

## FH-INGAR MEISTARAR ÞRÍÐJA ÁRIÐ Í RÖÐ

Ljóst var í byrjun móts 2006 að Íslandsmeistarar FH voru staðráðnir í að vinna titilinn þriðja árið í röð. Þeir unnu sigur í fimm fyrstu leikjum sínum í Landsbankadeildinni og töpuðu ekki leik fyrir

en í 11. umferð. Þá voru þeir með nýu stiga forystu á liðið í öðru sæti. FH liðið bjó yfir mikilli breidd sem kom að góðum notum þegar meiðsli hrjáðu leikmannahópinn. Þrátt fyrir að liðið hikstaði dálítið seinni part móts og vann t.a.m. aðeins einn leik af síðustu sex, þá var Íslandsmeistaratitillinn aldrei í teljandi hættu. FH tryggði sér svo sigur í Landsbankadeild karla á heimavelli með sigri á Víkingi í 17. umferð mótsins.

Baráttan um öll önnur sæti deildarinnar var æsispennandi og hnífjöfn fram á síðustu sekúndu mótsins. Það voru KR-ingar sem tryggðu sér annað sætið með marki á síðustu sekúndu í leik gegn Valsmönnum sem sátu þar með eftir í þriðja sætinu. Keflvíkingar voru í baráttunni um annað sætið lengst af mótinu, en gáfu aðeins eftir á lokasprettinum.

Fallbaráttan var gríðarlega hörð og fyrir lokaumferðina voru fimm lið í fallhættu, en ljóst var eftir 17. umferð að Eyjamenn myndu falla. Breiðablik gulltryggði sér áframhaldandi sæti í Landsbankadeildinni með sigri á Keflavík og það sama gerðu Skagamenn með sigri á Víkingi. Þar sem Fylkis-menn töpuðu fyrir Eyjamönnum voru Víkingar sloppnir og það sama átti við um Árbæinga þar sem Grindavík tókst ekki að vinna sigur á FH í síðasta leik sínum. Þar með voru Grindvíkingar fallnir í fyrsta sinn eftir 12 ára dvöl í efstu deild.

### Landsbankadeild karla - Lokastaða

	Félag	Mörk	Stig
1	FH	31 - 14	36
2	KR	23 - 27	30
3	Valur	27 - 18	29
4	Keflavík	30 - 20	24
5	Breiðablik	27 - 33	23
6	ÍA	27 - 30	22
7	Víkingur R.	21 - 18	21
8	Fylkir	22 - 25	21
9	Grindavík	24 - 26	19
10	ÍBV	18 - 39	18

## NÝTT ÁHORFENDAMET

Nýtt áhorfendamet var sett í Landsbankadeild karla. Alls komu 98.026 manns á leikina 90 eða að meðaltali 1.089 manns á leik. Eldra metið var frá árinu 2001, þegar 96.850 manns komu á leikina í deildinni sem gerir 1.076 að meðaltali.

Fimm félög fengu yfir 1.000 áhorfendur að meðaltali á heimaleiki sína og fóru Íslandsmeistarar FH þar fremstir í flokki með 1.948 að meðaltali. Þess má geta að fleiri en 2.000 áhorfendur sóttu sex leiki í Kaplakrika. FH-ingar voru einnig duglegastir við að fylgja liði sínu til leiks á útileiki, en 1.413 mættu að meðaltali á útileiki FH. Best sótti leikur deildarinnar var strax í fyrstu umferð, þegar KR tók á móti FH og komu 3.153 áhorfendur á þann leik. ÍBV fékk hins vegar að jafnaði fæsta áhorfendur eða 600 að meðaltali.

## KEFLVÍKINGAR BIKARMEISTARAR

Undanúrslitaleikir VISA-bikars karla fóru fram á Laugardalsvelli, líkt og síðustu ár. Keflvíkingar unnu öruggan 4-0 sigur á Víkingum, en í hinum undanúrslitaleiknum þurfti framlengingu til þess að knýja fram úrslit. Fyrstu-deildarlið Þróttar veitti KR-ingum harða keppni, en svo fór að lokum að Vesturbæingar skoruðu sigurmarkið á 102. mínútu.

Það voru því Keflvík og KR sem mættust í úrslitaleik VISA-bikarsins á Laugardalsvelli. Það voru Keflvíkingar sem réðu ferðinni í fyrri hálfleik, náðu að skora tvisvar sinnum á fyrstu 30 mínútunum og komu bæði mörkin eftir hornspyrnur. Þeir leiddu því í hálfleik, en KR-ingar sóttu í sig veðrið í seinni hálfleik og sóttu töluvert. Þeim gekk þó illa að skapa

sér marktækifæri og Keflvíkingar voru hættulegir í skyndisóknum. Svo fór að ekkert mark var skorað í seinni hálfleik og Keflvíkingar fögnuðu sínum fjórða bikar-meistaratitli í leikslok.

**BLIKASTÚLKUM SPÁÐ MEISTARATITLINUM**

Á kynningarfundum Landsbankadeildar kvenna í Smáralind spáðu fulltrúar félaganna að venju um lokastöðu liðanna í deildinni. Þáverandi Íslandsmeisturum Breiðabliks var spáð efsta sætinu, en talið var að baráttan um 2. sætið stæði á milli Vals og KR. FH og Þór/KA var spáð neðstu sætunum. Hefði spáin gengið eftir hefði röð liða verið þannig að móti loknu:

Röð	Félag	Stig
1.	Breiðablik	189
2.	Valur	159
3.	KR	152
4.	Stjarnan	112
5.	Keflavík	100
6.	Fylkir	60
7.	FH	49
8.	Þór/KA	43

**VALSSTÚLKUR ÍSLANDSMEISTARAR**

Líkt og árin á undan var baráttan um sigur í Landsbankadeild kvenna á milli Vals og Breiðabliks. Eftir sigur Valsstúlkna í innbyrðis viðureign þeirra í fyrri umferðinni voru þær komnar með undirtökin, sem þær létu aldrei af hendi. Liðið tapaði aðeins einum leik í mótinu og skoraði heil 90 mörk í deildinni. Valsstúlkur fögnuðu því Íslandsmeistaratitlinum í sjötta skipti.

Blikastúlkur höfðu í öðru sæti en þær voru eina liðið sem bar sigurorð af Valsstúlkum. Sá sigur dugði skammt þar sem þær töpuðu fyrir KR í 8. umferð. KR hafnaði í þriðja sæti en slæm byrjun þeirra kom í veg fyrir að þær næðu að

blanda sér af alvöru í baráttuna um Íslandsmeistaratitlinn. Stjarnan og Keflavík voru áþekkt lið og stóðu í toppliðunum á góðum degi. Nýliðar Fylkis héldu sæti sínu nokkuð örugglega en Þór/KA og FH voru jöfn að stigum í tveimur neðstu sætunum. Markatala Þórs/KA var þó mun betri og það voru því FH-stúlkur sem féllu úr Landsbankadeild kvenna.

**Landsbankad. kvenna - Lokastaða**

	Félag	Mörk	Stig
1	Valur	90 - 8	39
2	Breiðablik	64 - 14	36
3	KR	81 - 23	30
4	Stjarnan	36 - 25	24
5	Keflavík	43 - 34	21
6	Fylkir	15 - 82	12
7	Þór/KA	15 - 68	3
8	FH	6 - 96	3

**TVÖFALT HJÁ VALSSTÚLKUM**

Stúlkurnar frá Hlíðarenda kórönuðu frábært tímabil sitt með því að vinna Breiðablik í úrslitum VISA-bikars kvenna. Í undanúrslitum vann Valur lið Stjörnnunar með tveimur mörkum gegn einu og Breiðablik vann 1. deildarlið Fjölnis, 2-0.

Úrslitaleikur VISA-bikars kvenna var stórkostleg skemmtun og þurfti vítaspyrnukeppni til þess að knýja fram úrslit. Valur komst yfir strax í byrjun en Blikar jöfnuðu á 25. mínútu og komust yfir áður en flautað var til hálfleiks. Valsstúlkur jöfnuðu leikinn í seinni hálfleik og þar við sat, þrátt fyrir að bæði lið hafi fengið úrvals marktækifæri. Í framlengingunni komust Blikar yfir að nýju en Valur jafnaði að bragði og var þar Margrét Lára Viðarsdóttir að verki með þriðja mark sitt í leiknum. Hraði og marktækifæri voru uppi á teningnum allt fram að síðustu sekúndu, en staðan var engu að síður 3-3 að lokinni framlengingu.

Þurfti því að grípa til vítaspyrnukeppni þar sem að Valsstúlkur höfðu betur með því að skora úr öllum spyrnum sínum. Valur fagnaði því sínum 10. bikar-meistaratitli í kvennaflokki.

**LANDSBANKAÐEILD OG VISA-BIKAR TIL 2009**

Um vorið var gengið frá samningum um Landsbankadeildina og VISA-bikarinn til fjögurra ára, eða fyrir keppnistímabilin 2006 - 2009. Ekki þarf að fara mörgum orðum um mikilvægi þessara samninga fyrir félögin, enda hefur samstarfið við þessi fyrirtæki gengið afar vel.

**BEINAR ÚTSENDINGAR ORÐNAR TÍÐARI**

Sjónvarpsstöðin Sýn sýndi beint frá leikjum Landsbankadeildar karla og var fjöldi beinna útsendinga svipaður og árið á undan, en þó er fjöldi beinna sendinga þessi síðustu tvö ár talsvert meiri en árin þar á undan. Þó ber að geta þess að í seinustu umferðunum er um einn aðalleik að ræða, en skipt yfir á aðra leiki eftir atvikum.

**Beinar útsendingar frá LD ka.**

2006	30
2005	29
2004	19
2003	18
2002	19
2001	23
2000	21

Úrslitaleikir VISA-bikars karla og kvenna voru sýndir beint á RÚV, eins og undanúrslitaleikir karla og annar undanúrslitaleikir kvenna. Alls var því sýnt beint frá 5 leikjum í VISA-bikar karla og kvenna 2006, sem er aukning um einn leik frá síðustu árum. Þá sýndi RÚV beint frá þremur leikjum í Landsbankadeild kvenna. Samanlagt voru því 38 deildar- og bikarleikir sýndir beint í sjónvarpi á árinu, mun fleiri en áður.

## SAMIÐ UM BEINAR SJÓNVARPSÚTSENDINGAR

Um vorið var samið um sjónvarpsútsendingar frá Landsbankadeildinni og VISA-bikarnum árin 2006-2009. Sýn mun sýna beint frá Landsbankadeild karla úr hverri umferð auk þess sem sýndir verða markapættir. RÚV mun sýna markapátt úr hverri umferð Landsbankadeildar karla auk þess sem VISA-bikar karla verður á dagskrá stöðvarinnar. Sýndir verða markapættir frá VISA-bikar karla auk þess sem undanúrslit og úrslitaleikur verða sýndir beint. Þá gerði RÚV samkomulag við KSÍ um að gera Landsbankadeild kvenna og VISA-bikar kvenna betri skil en áður. Í því felst að sýnt verður beint frá nokkrum leikjum Landsbankadeildar kvenna á RÚV og úrslitaleik VISA-bikars kvenna auk þess sem markapættir verða sýndir.

## KOSNINGAR FJÖLMIÐLA

Að venju stóðu Landsbankinn og KSÍ fyrir vali sérstakrar valnefndar (fjölmiðlar og aðrir) á leikmönnum, þjálfurum, dómurum og liðum ákveðinna tímabila í Landsbankadeildum karla og kvenna. Í Landsbankadeild karla var kosningunum skipt upp í þrjú tímabil, umferðir 1-6, 7-12 og 13-18, en í Landsbankadeild kvenna voru tímabilin tvö, umferðir 1-7 og 8-14. Landsbankinn veitti síðan þeim aðilum sem voru tilnefndir veglegar viðurkenningar. Þessar uppákomur vekja jafnan mikla athygli og er vel um þær fjallað í fjölmiðlum.

## BESTU OG EFNILEGUSTU LEIKMENN ÁRSINS

Bestu og efnilegustu leikmenn Landsbankadeilda karla og kvenna eru valdir í kosningu meðal leikmanna deildanna.

Viktor Bjarki Arnarson, leikmaður Víkings, var kjörinn leikmaður ársins í Landsbankadeild karla 2006, en úrslit voru kunngerð á lokahófi KSÍ. Efnilegasti leikmaður Landsbankadeildar karla var kjörinn Valsarinn Birkir Már Sævarsson.

Valsarinn Margrét Lára Viðarsdóttir var kjörin besti leikmaður Landsbankadeildar kvenna. Margrét Lára átti frábært tímabil og var markadrotting Landsbankadeildar kvenna með 34 mörk. Guðný Björk Óðinsdóttir úr Val þótti efnilegasti leikmaður deildarinnar. Guðný náði þeim merka áfanga að spila með öllum kvennandsliðum Íslands á árinu og er án efa ein af framtíðarleikmönnum okkar.

## ÞJÁLFAVARAR ÁRSINS

Fjölmiðlar kusu Teit Þórðarson þjálfara ársins í Landsbankadeild karla og Elísabetu Gunnarsdóttur þjálfara ársins í Landsbankadeild kvenna. Teitur sneri heim til Íslands og stjórnaði liði KR í annað sæti deildarinnar og í úrslitaleik VISA-bikarsins. Elísabet var við stjórnvölinn hjá hinu sigursæla liði Vals sem vann bæði deild og bikar þetta árið.

## MAREL OG MARGRÉT LÁRA MARKAHÆST

Marel Baldvinsson, leikmaður Breiðabliks, og Margrét Lára Viðarsdóttir úr Val voru markahæstu leikmenn Landsbankadeilda karla og kvenna 2006. Fengu þau að launum afhenta gullskó Adidas á lokahófi knattspyrnumanna á Broadway. Margrét Lára varð þar með markahæst í deildinni þriðja árið í röð, en Marel varð markakóngur þrátt fyrir að leika aðeins 13 leiki í Landsbankadeildinni.

Marel skoraði 11 mörk og gerði það eins og greint er frá hér að ofan í aðeins 13 leikjum. Þeir Björgólfur Takefusa úr KR og Jóhann Þórhallsson úr Grindavík veittu Marel þó harða keppni. Báðir skorðu þeir 10 mörk en þar sem Björgólfur lék færri leiki þá hlaut hann silfurskóinn og Jóhann hreppi bronsskóinn.

Margrét Lára hafði mikla yfirburði í markaskorun í ár og varð markahæst þriðja árið í röð. Að þessu sinni setti hún glæsilegt markamet og skoraði heil 34 mörk. Nína Ósk Kristinsdóttir úr Keflavík hlaut silfurskóinn, en hún skoraði 24 mörk. Það var svo KR-ingurinn, Fjóla Dröfn Friðriksdóttir, sem hlaut bronsskóinn með því að skora 21 mark.

## GARÐAR ÖRN VALINN BESTI DÓMARINN

Garðar Örn Hinriksson var kjörinn besti dómari í Landsbankadeild karla í kjöri leikmanna en viðurkenningin var nú afhent í 14. sinn. Þetta er í annað skiptið sem Garðar hlýtur þessa viðurkenningu en hann var einnig kjörinn besti dómari árið 2004.

## LIÐ ÁRSINS

Að venju völdu fjölmiðlar lið ársins í Landsbankadeildum karla og kvenna. Þau voru þannig skipuð.

### Karlalið ársins

*Markvörður:*

Daði Lárusson – FH

*Varnarmenn:*

Ármann Smári Björnsson – FH

Birkir Sævarsson – Valur

Gunnlaugur Jónsson – KR

*Tengiliðir:*

Jónas Guðni Sævarsson – Keflavík

Pálmi Rafn Pálmason – Valur

Sigurvin Ólafsson – FH

Viktor Bjarki Arnarsson – Víkingur

*Framherjar:*

Björgólfur Takefusa – KR  
Marel Baldvinsson – Breiðablik  
Tryggvi Guðmundsson – FH

**Kvennalið ársins**

*Markvörður:*

Þóra B. Helgadóttir – Breiðablik  
*Varnarmenn:*

Ásta Árnadóttir – Valur

Guðný Óðinsdóttir – Valur

Ólína G. Viðarsdóttir – Breiðablik

*Tengiliðir:*

Erna B. Sigurðardóttir – Breiðablik

Hólmsfríður Magnúsdóttir – ÍBV

Katrín Jónsdóttir – Valur

Katrín Ómarsdóttir – KR

Rakel Logadóttir – Valur

*Framherjar:*

Margrét Lára Viðarsdóttir – Valur

Nína Ósk Kristinsdóttir – Keflavík

**ÁHORFENDAMETIÐ FÉLL**

Nýtt áhorfendamet var sett í Landsbankadeild karla á árinu. Alls mættu 98.026 manns á leikina 90 eða að meðaltali 1.089 manns á leik. Eldra metið var sett árið 2001 þegar 96.850 manns mættu á leikina í deildinni, sem gerir 1.076 að meðaltali. Mikil spenna var fyrir leiki lokaumferðarinnar í ár, en alls mættu 5.258 áhorfendur á leiki 18. umferðar deildarinnar.

**STUÐNINGSMENN ÁRSINS**

Landsbankinn verðlaunar stuðningsmenn í Landsbankadeildum karla og kvenna fyrir góða frammistöðu á árinu. Veitt eru peningaverðlaun, sem renna skulu til unglिंगastarfs viðkomandi félags. Það voru stuðningsmenn ÍA sem hlutu viðurkenninguna í Landsbankadeild karla og stuðningsmenn Vals í Landsbankadeild kvenna.

**PRÚDMENNSKUVERÐLAUN MASTERCARD**

Prúðmennskuverðlaun KSÍ og Mastercard voru veitt þeim leikmönnum og félagsliðum sem þóttu hvað prúðust á undangengnu tíma-bili.

Háttvísinefnd valdi Jónas Guðna Sævarsson, Keflavík, prúðasta leikmanninn í Landsbankadeild karla og Ástu Árnadóttur, Val, prúðasta leikmanninn í Landsbankadeild kvenna. Jónas og Ásta eru bæði þekkt fyrir prúðmennsku og háttvísi innan vallar sem utan.

Valur var prúðasta liðið í Landsbankadeild karla samkvæmt háttvísimati eftirlitsmanna KSÍ. Háttvísimatið tekur mið af eftirfarandi atriðum: Fjölda ámininga og brottvísana, sóknarleik (jávæður leikur) og framkomu leikmanna við mótherja og dómara. Einnig er lagt mat á framkomu liðsstjórnar og áhorfenda.

Í Landsbankadeild kvenna var FH prúðasta liðið, en þar var stuðst við fjölda spjalda á lið í mótinu.

**SKIPULAG MÓTA**

Skipulag landsmóta í meistara-flokki var með hefðbundnum hætti árið 2006. Í Landsbankadeild kvenna þurfti þó að skipta um lið í lok mars, þegar ÍBV hætti þátttöku og Þór/KA tók sæti þeirra. Í 3. deild karla var nauðsynlegt, líkt og árið áður, að víkja frá hefðbundinni skiptingu í riðlakeppni vegna breyttrar þátttöku.

Leikið var með nýju sniði í VISA-bikar karla og hófu liðin í Landsbankadeildinni þátttöku í 16-liða úrslitum í stað 32-liða úrslita áður. Keppni í Deildarbikar karla og kvenna var með sama sniði og árið áður, en úrslitakeppni A-deildar karla var þó minnkuð til að

fækka um einn leikdag (4 lið í úrslitum í stað 8 liða áður).

Sífelldu eru gerðar meiri kröfur til félaga m.a. um framkvæmd leikja, sérstaklega í Landsbankadeild karla og VISA-bikar karla, ekki síst með tilkomu Leyfiskerfis KSÍ. Líklegt er að leyfiskerfið muni jafnt og þétt hafa áhrif í öðrum deildum, t.d. 1. deild karla og Landsbankadeild kvenna.

**SÉRSTAKUR KNÖTTUR Í LANDBANKADEILDUM**

Á síðasta keppnistímabili var í fyrsta sinn leikið með sérmerktum knetti í öllum leikjum Landsbankadeilda karla og kvenna. Knötturinn sem varð fyrir valinu var Mitre Pro 100T, sem var á sama tíma meðal annars opinber knöttur enska knattspyrnusambandsins og var notaður í skosku úrvalsdeildinni, ensku bikarkeppninni og þremur af fjórum deildum ensku deildarkeppinnar. Þá lék enska landsliðið með sams konar knött. Landsbankinn afhenti hverju félagi í Landsbankadeildunum 100 knetti til afnota við æfingar og í keppni. Verkefnið tókst vel, en knötturinn sjálfur var umdeildur á meðal leikmanna og þjálfara. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort áframhald verði á þessu verkefni.

**SALA AÐGÖNGUMÍÐA Í GEGNUM MIDI.IS**

Boðið var upp á þá nýjung fyrir leiki í Landsbankadeild karla og í lokaumferðum VISA-bikarsins að hægt var að kaupa miða á forsöluverði í gegnum vefsíðuna midi.is. Það voru liðsmenn Miða.is sem hönnuðu sölukerfi fyrir leikina. Með þessu var stigið enn eitt skrefið í að bæta þjónustu við knattspyrnuáhugafólk í gegnum þetta nýja miðasölukerfi, sem gat þannig keypt miða með afslætti,

hvort sem um var að ræða í forsölu eða sölu á leikdegi. Þessi netsala fór hægt af stað, en lofar mjög góðu fyrir framtíðina og ljóst þykir að sífellt fleiri munu nýta sér þessa þjónustu.

### AÐRAR DEILDIR MEISTARAFLOKKA

Framarar sigldu nokkuð létt í gegnum 1. deild karla, en HK hafnaði í öðru sæti. Árið 2007 leikur því HK í efstu deild karla í fyrsta sinn. Vegna fjölgunar í 1. deild keppnistímabilið 2007 féll aðeins eitt lið og kom það í hlut Hauka. Vegna fyrrnefndar fjölgunar fóru þrjú lið upp úr 2. deild karla. Það voru Fjarðabyggð, Njarðvík og Reynir Sandgerði sem fluttust upp, en Huginn Seyðisfirði féll í 3. deild. Þrjú lið fóru einnig upp úr 3. deild þetta árið og voru það Höttur Egilsstöðum, Magni Grenivík og ÍH úr Hafnarfirði sem fóru upp í 2. deild.

Í 1. deild kvenna var leikið í tveimur landshlutaskiptum riðlum. Tvö efstu lið hvors riðils unnu sér sæti í úrslitakeppni. Í A-riðli voru það Fjölnir og ÍR sem hrepptu efstu sætin eftir harða baráttu. Í B-riðli voru það Magni og Völsungur sem komust í úrslitakeppnina. Fjölnir og ÍR unnu nokkuð örugga sigra í úrslitakeppninni og mættust því í úrslitaleik 1. deildar kvenna. Þar unnu Fjölnisstúlkur 1-0 og tryggðu sér sæti í Landsbankadeild kvenna.

Þór/KA lagði fram kæru vegna leikja við ÍR í aukakeppni um sæti í Landsbankadeild kvenna. Málið fór á endanum fyrir áfrýjunardómstól ÍSÍ, sem úrskurðaði Þór/KA sigur.

### RÖNG LEIKSKÝRSLA

Í tvígang úrskurðaði stjórn KSÍ þjálfara og forráðamenn í tveggja mánaða leikbann fyrir þær sakir að nota ólöglega leikmenn í deildar-

bikarleikjum án þess að nöfn þeirra kæmi fram á leikskýrslu. Í báðum tilfellum var annað nafn skráð á skýrsluna. Annars vegar var um að ræða þjálfara liðs Afríku í meistaraflokki karla og hins vegar þjálfara og einn forráðamann liðs FH í meistaraflokki kvenna. Félögin voru jafnframt sektuð.

### ÍSLANDSMÓT YNGRI FLOKKA

Mótahald var að mestu með hefðbundnu sniði og gekk ágætlega. Gert var tveggja vikna hlé á mótahaldi um mánaðamótin júlí/ágúst í 4. flokki og yngri aldursflokki. Virtist það mælast afar vel fyrir og líklegt að því fyrirkomulagi verði haldið áfram.

Leikið var í annað sinn eftir breyttri aldursflokkskiptingu kvenna og eins og fyrirséð var urðu talsverðir árekstrar milli 2. flokks og meistaraflokks. Af 13 liðum sem tilkynntu þátttöku í 2. flokki luku 10 keppni, en 15 lið luku keppni fyrir aldursflokksbreytinguna. Ljóst er að það mun taka nokkur ár að ná jafnvægi aftur í tengslum 2. flokks og meistaraflokks kvenna.

### HVERNIG FÓR LEIKURINN?

Þessa spurningu þekkja allir sem tengjast knattspyrnunni. KSÍ hefur lagt mikla áherslu á að veita fjölmiðlum, þátttakendum og áhugafólki um knattspyrnu sem bestar upplýsingar um úrslit leikja og móta. Leikjum fjölga og allir vilja fá að vita úrslit, hvort sem um er að ræða leik í 5. flokki eða meistaraflokki. KSÍ hefur hannað skráningarkerfi, bæði með SMS-skeytum og í gegnum vef KSÍ. Úrslitin fara þá sjálfkrafa inn á ksi.is og félögunum er þannig gert auðveldara um vik að koma þeim á framfæri við félagsmenn, fjölmiðla og aðra áhugasama aðila. Sum

félög standa sig afburða vel í því að veita þessa þjónustu, en alltof fá nýta sér möguleikann til fullnustu. Þó var aukning á skráningum milli ára, enda er það nú skylda aðildarfélaga að annast þessa skráningu, samkvæmt reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

### METFJÖLDI LEIKJA

Umfang mótahalds á vegum KSÍ fór áfram vaxandi og leikjum fjölgaði á árinu líkt og flest undanfarin ár. 11 manna leikjum fjölgaði umtalsvert bæði hjá körlum og konum, en nokkur fækkun varð í 7 manna leikjum. Heildarfjölgun leikja er athyglisverð í ljósi þess að undanfarin ár hefur orðið veruleg fækkun leikja í Íslandsmótinu í knattspyrnu innanhúss hjá körlum eða um 186 frá árinu 2002.

Starfsfólk mótamála kannaði á haustdögum hversu margir leikir færu fram á árinu í umsjón aðildarfélaga KSÍ (opin mót félaga). Í ljós kom að 6.725 leikir fóru fram í þeim mótum sem skrifstofu KSÍ var kunnugt um. Þegar teknir eru saman allir leikir KSÍ, KRR, Faxaflóaleikir, opin mót félaga, utan-deildakeppnir, ýmis mót á vegum héraðssambanda og annarra aðila, er líklegt að heildarfjöldi leikja á Íslandi árið 2006 hafi verið samtals yfir 16 þúsund.

### KRR-MÓT OG FAXAFLÓAMÓT

KSÍ annast skipulagningu þessara umfangsmiklu móta samkvæmt sérstöku samkomulagi. Þó nokkur fækkun var á leikjum í KRR mótum sem skýrist af breyttu mótafyrirkomulagi í hraðmótum yngstu aldursflokka. Einnig var hætt með keppni í 1. aldursflokki Reykjavíkurmótsins.



**ERLENDUM LEIKMÖNNUM  
FJÖLGAR ENN**

Erlendum leikmönnum, sem léku hér á landi, fjölgaði á síðasta ári líkt og árin á undan. Alls léku 166 erlendir leikmenn í deildarkeppni karla og kvenna 2006, samanborið við 148 árið á undan og 102 árið þar á undan. Hér eru ekki taldir upp leikmenn sem fengið hafa íslenskt ríkisfang.

Ár	Fjöldi
2006	166
2005	148
2004	102
2003	74
2002	70
2001	93
2000	89
1999	82
1998	65

Mest fjölgaði erlendum leikmönnum í 3. deild karla, en fækkun varð í Landsbankadeild kvenna og 1. deild karla á milli ára.

Deild	Fjöldi 2006	Fjöldi 2005
LD karla	41	37
1. deild karla	23	30
2. deild karla	26	18
3. deild karla	47	30
LD kvenna	16	22
1. deild kvenna	13	11

Alls voru 28 af 30 félögum í landsdeildum karla með erlenda leikmenn í sínum röðum, auk 16 félaga í 3. deild. Aðeins hjá Fjölni og HK í 1. deild karla komu engir erlendir leikmenn við sögu. Í Landsbankadeild karla komu flestir erlendir leikmenn við sögu hjá ÍBV, eða 8.

Sjö af átta félögum í Landsbankadeild kvenna voru með erlenda leikmenn, þar af Keflavík með flesta, eða 5.

**FUTSAL**

Á ársþingi KSÍ í febrúar 2006 var samþykkt að stjórn KSÍ mundi athuga hvort innleiða skyldi Futsal á Íslandi. Stjórnin ákvað svo síðar á árinu að Futsal skyldi tekinn upp í stað þeirrar innanhússknattspyrnu

er iðkuð hefur verið og skal hún leikin í öllum flokkum karla og kvenna.

Í október var svo haldið námskeið fyrir þjálfara og dómara í Futsal. FIFA sendi tvo kennara á námskeiðið. Benny Meurs leiðbeindi þjálfurunum en hann er landsliðsþjálfari Belgíu. Patrick Willemarck, einnig frá Belgíu, var dómurunum innan handar. Patrick er fyrrverandi knattspyrnudómari og fyrrum alþjóðlegur Futsal-dómari, og er núna Futsal dómaraeftirlitsmaður fyrir FIFA. Í framhaldi af námskeiðinu setti KSÍ af stað kynningarmót í Futsal þar sem sjö félög léku einfalda umferð. Fór mótið ágætlega fram og í lokin stóðu Valsmenn uppi sem sigurveggar.

Futsal hefur vaxið gríðarlega um allan heim, en nú spila 129 aðildarlönd FIFA Futsal og 47 önnur hafa lýst því yfir að þau munu taka upp Futsal. Í síðustu undankeppni fyrir HM í Futsal tóku þátt 86 þjóðir en fyrir Heimsmeistarakeppnina í Brasilíu árið 2008 er búist við að 110 þjóðir sendi lið til undankeppni. Einnig er keppt í Evrópukeppni landsliða sem og Evrópukeppni félagsliða.

**SKRÁÐUM SAMNINGUM  
FJÖLGAR MILLI ÁRA**

Fjöldi samninga sem skráðir voru á árinu hjá félögum í Landsbankadeild karla var 211, sem er talsverð aukning frá árunum á undan. Árið 1999 var 151 samningur skráður hjá félögum í deildinni. Fjöldinn féll nokkuð árin á eftir en hefur haldist stöðugur þar til nú.

**MÁL TIL SAMNINGA- OG  
FÉLAGASKIPTANEFNDAR**

Skrifstofu KSÍ bárust nokkrar óformlegar kvartanir um að

fulltrúar félaga hafi haft samband við samningsbundna leikmenn í öðrum félögum og er því oft borið við að aðilar viti ekki að viðkomandi leikmaður sé á samningi. Aðgengi að slíkum upplýsingum er einfalt þar sem skrifstofa KSÍ veitir nauðsynlegar upplýsingar og á vef KSÍ er að finna lista yfir samningsbundna leikmenn.

Flest ágreiningsefni sem upp koma eru leyst af skrifstofu KSÍ eða einstökum nefndarmönnum. Nokkuð var þó um að málum væri vísað til nefndarinnar til formlegrar úrlausnar. Eftirfarandi mál fengu formlega meðhöndlun: *HK gegn KR, Buddy Farah gegn Keflavík, Chris Voremkamp gegn ÍBV, Stjarnan gegn Hannesi Þór Halldórssyni, ÍA gegn Hafþór Ægi Vilhjálmssyni og Gunnar Línal gegn Þór.* Fjallað er nánar um málin í fylgiskýrslu. Ýmis önnur mál voru ekki tekin til afgreiðslu þar sem sættir náðust milli aðila áður en til formlegrar afgreiðslu kom.

**FÉLAGASKIPTI Á ÁRINU**

Fjöldi félagaskipta í ár var 1.639 sem er fjölgun um 212 frá fyrra ári. Aukning í félagaskipum er mikil sl. ár, eða um 60% frá árinu 1999. Að hluta til má skýra fjölgunina með tilkomu nýrra liða í deildarkeppni. Líkt og á síðasta ári þurfti starfsfólk KSÍ að grípa inn í nokkur mál þar sem forráðamenn félaga neituðu leikmönnum um félagaskipti. Í flestum tilfellum leystust slík mál á farsælan hátt.

**UMBODSMENN LEIKMANNA**

Þrír umboðsmenn voru starfandi árið 2006, þeir sömu og árið áður. Það eru þeir Arnór Guðjohnsen, Guðlaugur Þór Tómasson og Ólafur Garðarsson. 27 umboðsmanna-samningar (samningur leikmanns

við umboðsmann) voru skráðir hjá skrifstofu KSÍ á árinu.

Fjórir einstaklingar sóttu um að gangast undir umboðsmannapróf og stóðust tveir prófið, þeir Unnar Steinn Bjarndal og Magnús Agnar Magnússon.

## SIGURVEGARAR Í MÓTUM MEISTARAFLOKKA

### Íslandsmeistarar karla

24 sinnum	KR
19 sinnum	Valur
18 sinnum	Fram, ÍA
5 sinnum	Víkingur R.
4 sinnum	Keflavík
3 sinnum	FH, ÍBV
1 sinni	KA

### Bikarmeistarar karla

10 sinnum	KR
9 sinnum	ÍA, Valur
7 sinnum	Fram
4 sinnum	ÍBV, Keflavík
2 sinnum	Fylkir
1 sinni	ÍBA, Víkingur R.

### Íslandsmeistarar kvenna

15 sinnum	Breiðablik
6 sinnum	KR, Valur
4 sinnum	FH
3 sinnum	ÍA
1 sinni	Árman

### Bikarmeistarar kvenna

10 sinnum	Valur
9 sinnum	Breiðablik
4 sinnum	ÍA
2 sinnum	KR
1 sinni	ÍBV

•••••

## DÓMARAMÁL

### BREYTINGAR HJÁ DÓMURUM

Einar Örn Daníelsson bættist í A-hóp dómara 2006. Bragi V. Bergmann lét af störfum á árinu eftir löng og þrálát meiðsli og Gylfi Þór Orrason færðist úr A-hóp í B-hóp að eigin ósk. Upp í B-hóp færðust Ólafur Kjartansson, Þóroddur Hjaltalín og Örvar Sær

Gíslason. Nýir C-dómarar urðu Eysteinn Kristinsson, Guðmundur Ársæll Guðmundsson, Jóhann G. Guðmundsson og Magnús Jón Björgvinsson.

Í árslok 2006 var lokið flokkun ABC-dómara fyrir árið 2007. Sævar Jónsson mun bætast í A-hóp dómara og Oddbergur Eiríksson í A-hóp aðstoðardómara. Frosti Viðar Gunnarsson og Valgeir Valgeirsson færast upp í B-hóp dómara og Jóhann G. Guðmundsson, Reynir Þór Valgarðsson og Þorvaldur Árnason verða B-aðstoðardómarar. Nýir C-dómarar verða Elías Már Guðnason Gylfi Már Sigurðsson, Halldór Breiðfjörð (að nýju), Magnús Jónasson, Smári Stefánsson, Vilhjálmur A. Þórarinsson, svo og Guðmundur Valgeirsson sem aðstoðardómari. Garðar Hauksson hætti dómgæslu vegna náms erlendis og Ingólfur Hjaltason, Fáskrúðsfirði, lætur af störfum vegna aldurstakmarka eftir langan og farsælan feril.

### ÆFINGAFERÐIR

Níu dómarar fóru til Portúgals og Spánar í viku í mars og apríl og dæmdu leiki íslenskra liða sem þar voru í æfingaferðum á vegum Úrvals-Útsýnar.

### LANDSDÓMARARÁÐSTEFNA OG FRÆÐSLUFUNDIR

Árleg ráðstefna fyrir deildardómara KSÍ fór fram í lok apríl og var haldin á Selfossi í fjórða sinn. Erlendur fyrirlesari var að þessu sinni Íslandsvinurinn Keith Hackett, sem er yfirmaður dómaramála í ensku úrvalsdeildinni.

Fræðslufundir fyrir aðra KSÍ dómara voru haldnir að vori í Reykjavík og á Akureyri. Hæfileikamótun þriggja ungra dómara

fór fram á Laugarvatni í ágúst í tengslum við úrtökumót KSÍ.

### NORRÆN DÓMARASKIPTI

Norræn dómaraskipti hófust 2005 í þeim tilgangi að auka þekkingu og reynslu ungra og efnilegra dómara. Erlendur Eiríksson tók þátt í samstarfinu 2006 og dæmdi í næst efstu deildum í Svíþjóð og Finnlandi, einn leik í hvoru landi. Á Íslandi dæmdu Páll Augustinussen frá Færeyjum og Vesa Hätilä frá Finnlandi sinn leikinn hvor í 1. deild karla.

### ÍSLENSKIR DÓMARAR Á ALÞJÓÐLEGUM LEIKJUM

Íslenskir dómarar dæmdu fjölmarga alþjóðlega leiki á árinu - A og U21 landsleiki karla og A landsleiki kvenna - og voru að auki dómarar á fjölda leikja í Evrópumótum félagsliða og Evrópumótum U17 og U19 landsliða karla og kvenna. Alþjóðleg verkefni íslenskra dómara árið 2006 koma fram í fylgiskýrslu.

### MIKILL FJÖLDI VERKEFNA Á ÁRI HVERJU

Fjölgað hefur verið í hópi A, B, og C-dómara undanfarin ár, m.a. vegna aukinna verkefna dómara í þessum hópi hjá U23-liðum og 2. flokki karla. Árið 2007 verður síðan leikið í 12 liða 1. deild karla, sem kallar á 126 ný störf dómara og aðstoðardómara. Árið 2007 verða 48 dómarar í þessum hópi, en þeir voru 38 árið 2001.

Um 70 aðrir dómarar (D-hópur) störfuðu einnig við meistara-flokksleiki, þar sem landsdómara er ekki krafist, bæði fyrir KSÍ og beint fyrir félögin. Þetta eru mikilvæg störf sem dómarar í 3. deild karla, 1. deild kvenna, svo og sem aðstoðardómarar í Landsbankadeild kvenna og í 1. og 2. deild karla.

Þess ber að geta að D-dómarar sinna einnig fjölda leikja í U23 og 2. flokki karla ásamt því að dæma í yngri flokkum eigin félaga, svo og í æfingaleikjum og leikjum í innan-húsmótum.

## KRÖFUR TIL DÓMARA

Deildardómarar gangast undir þrekpróf að minnsta kosti tvisvar á ári og er ekki raðað til frekari starfa fyrr en seinna þrekprófi er lokið (oftast í apríl). FIFA kynnti á árinu 2006 nýtt þrekpróf fyrir dómara, sem ætlast er til að notað sé frá og með 2007. Ákveðið var að nota óbreytt þrekpróf árið 2006, en taka upp hið nýja fyrirkomulag hér á landi á árinu 2007.

## EFTIRLITSMENN

44 eftirlitsmenn störfuðu við 294 leiki í landsdeildum og bikarkeppni 2006. Þeir gerðu skýrslur um framkvæmd leikja, frammistöðu dómara og um háttvísi í Landsbankadeild karla. Fundir með eftirlitsmönnum voru haldnir að vori í Reykjavík og á Akureyri.

## DÓMARANÁMSKEIÐ

Námskeið fyrir verðandi dómara voru haldin með aðstoð netsins líkt og gert hefur verið frá árinu 2001 og voru þau í febrúar, maí og nóvember. Einnig er samstarf við íþróttaskor KHÍ um að nemendur ljúki unglíngadómaraprófi. Alls luku 227 dómaraefni unglíngadómaraprófi 2006 og hafa aldrei eins margir dómamarar verið útskrifaðir á einu ári.

## RÁÐSTEFNUR OG NÁMSKEIÐ ERLendis

Gylfi Þór Orrason og Ingi Jónsson sóttu námskeið í boði enska

knattspyrnusambansins með þar- lendum úrvalsdeildardómurum og eftirlitsmönnum. Ingi Jónsson sótti einnig námskeið á vegum UEFA fyrir kennara í dómarafræðum. Halldór B. Jónsson tók þátt í árlegri ráðstefnu danskra dómara í janúar og sat einnig ráðstefnu sænsku dómaranefndarinnar í ágúst. Ingi Jónsson sat fund norrænu nefndarinnar um knattspyrnulögin.



## LANDSLIÐSMÁL

### NÝ TÆKIFÆRI FRAMUNDAN

A-landslíð karla hóf undankeppni EM 2008 undir stjórn Eyjólfss Sverrissonar á betri hátt en hægt var að óska sér með öruggum sigri í Belfast, en þrjú töp í kjölfarið skutu okkar menn niður á jörðina. Liðið var reyndar óheppið að landa ekki stigi gegn Svíum á Laugardalsvelli, en leikmenn og aðstandendur liðsins hljóta að vera vongóðir um að hala inn stigum á árinu 2007. Nýtt ár býður liðinu upp á nýtt tækifæri til sýna sínar bestu hliðar.

A landslið kvenna hafnaði í þriðja sæti síns riðils í undankeppni HM 2007. Vonast hafði verið eftir að liðið myndi keppa við Svía um efsta sætið, en tap gegn Tékkum á heimavelli gerði út um þær vonir. Nýr þjálfari, Sigurður Ragnar Eyjólfsson, hefur nú tekið við liðinu og ríkir mikil eftirvænting fyrir undankeppni EM 2009 sem hefst í sumar. UEFA hefur ákveðið að fjölga liðum í úrslitakeppni EM, sem gefur okkar liði aukna möguleika á að komast áfram.

### A LANDSLIÐ KARLA

Leiknir voru tveir vináttulandsleikir á árinu og var sá fyrri gegn

Trinidad og Tobago í Lundúnum í lok febrúar. Var leikurinn sá fyrsti undir stjórn Eyjólfss Sverrissonar sem þjálfara. Trinidad og Tobago vann leikinn 2-0 og kom fyrra markið eftir um tíu mínútna leik, en síðara markið kom úr vítaspyrnu snemma í seinni hálfleik.

Annar vináttulandsleikur ársins var á Laugardalsvelli í ágúst gegn Spáni sem er sem kunnugt er ein sterkasta knattspyrnuþjóð í heimi. Lauk leiknum með markalausum jafntefli.

Undankeppni EM 2008 hófst í september. Ísland er í riðli með Svíþjóð, Spáni, Danmörku, Lettlandi, Norður-Irlandi og Liechtenstein.

Fyrsti leikur Íslands í keppninni var útileikur gegn Norður-Írum og vannst þar glæsilegur sigur 3-0 sigur. Öll mörkin komu í fyrri hálfleik.

Fjórum dögum síðar voru Danir gestir okkar á Laugardalsvelli og unnu þeir tveggja marka sigur. Bæði mörk Dana komu í fyrri hálfleik, á 5. og 33. mínútu.

Þriðji leikurinn var gegn Lettum í Riga í byrjun október. Heimamenn fögnuðu sigri, en lokatölurnar urðu 4-0, Lettum í vil. Lettar skoruðu 3 mörk á fystu 25 mínútunum og þar með voru úrslitin nær ráðin, og bættu svo við við fjórða markinu á 52. mínútu.

Fjórum dögum síðar voru Svíar mættir í Laugardalinn og unnu sigur með tveimur mörkum gegn einu. Íslendingar komust yfir á 7. mínútu, en Svíar jöfnuðu mínútu síðar og skoruðu skorðu svo sigurmarkið á 60. mínútu.

### U21 LANDSLIÐ KARLA

Fyrsta verk nýráðins þjálfara U21 landsliðsins, Luka Kostic, var leikur við Skota og fór hann fram í

Skotlandi. Leikurinn tapaðist 0-4 og staðan í hálfleik 0-3.

Vegna breytts fyrirkomulags á Evrópumótum U21 landsliða var leikin undankeppni á einu ári fyrir úrslitakeppnina í Hollandi sumarið 2007.

Í forkeppninni dróst Ísland gegn Andorra og var fyrri leikurinn ytra 3. maí. Ekki tókst okkar mönnum að brjóta á bak aftur þetta vörn Andorrabúa og markalaust jafntefli varð staðreynd.

Seinni leikurinn við Andorra var á Akranesi 1. júní. Íslensku strákarnir þurftu að hafa mikið fyrir þessum sigri því Andorramenn mynduðu skjaldborg í kringum sitt mark. Sigur vannst á lokamínútonum með tveimur mörkum gegn engu.

Í riðlakeppninni um haustið var Ísland í riðli með Austurríki og Ítalíu.

Fyrsti leikur riðilsins var leikur okkar við Austurríki í Ritzing. Nokkuð jafnræði var með liðunum í leiknum og segja má að markalaust jafntefli hafi verið sanngjörn úrslit. Íslenska liðið lék vel í leiknum, varðist af krafti, sótti þegar færi gafst og átti í fullu tré við austurríska liðið allan leikinn.

Annar leikurinn var heimaleikur okkar gegn Ítalíu á Laugardalsvelli og þar unnu margfaldir Evrópu-meistarar í þessum aldursflokki 1-0 sigur og kom eina mark leiksins þegar um 10 mínútur voru liðnar af síðari hálfleik.

Næsta undankeppni hefst í júní og verður með hefðbundnara sniði þ.e.a.s. leikið í riðli á tveimur árum með úrslitakeppni í Svíþjóð sumarið 2009.

### U19 LANDSLIÐ KARLA

Guðni Kjartansson stjórnaði U19 landsliði karla á árinu, eins og hann hefur gert frá 1992.

Leiknir voru tveir leikir gegn Skotum ytra í byrjun september. Fyrri leikinn vann íslenska liðið með þremur mörkum gegn einu og sá síðari vannst einnig, 2-1, eftir að Skotar höfðu haft forystu í hálfleik.

Ísland var í riðli með Svíþjóð, Póllandi og Færeyjum í undankeppni EM og var leikið í Svíþjóð í byrjun október. Fyrsti leikurinn var gegn Pólverjum og unnu okkar menn 2-0 sigur.

Næsti leikur var gegn Svíum sem unnu 2-0. Svíar skorðu fyrra markið á 15. mínútu og það síðara á 48. mínútu.

Síðasti leikurinn var gegn Færeyingum og unnu íslensku strákarnir 3-1 sigur. Íslenska liðið skoraði þrjú fyrstu mörkin en Færeyingar minnkuðu muninn undir lok leiksins.

Ísland hafnaði í 3. sæti riðilsins með 6 stig, jafn mörg og bæði Svíar og Pólverjar, sem höfðu betri markatölu úr innbyrðis viðureignum þjóðanna og komust beint áfram í milliriðla. Þessi árangur dugði þó íslenska liðinu til að komast áfram í milliriðil sem liðið með bestan árangur í 3. sæti í undankeppninni.

KSÍ var boðið að senda U18 landslið á 8 liða mót í Tékklandi í ágúst og var boðinu tekið. Fyrsti leikurinn var gegn Belgum og varð 1-1 jafntefli niðurstaðan. Næsti leikur var gegn Slóvökum og tapaðist hann, 1-3. Síðasti leikur liðsins var við Pólverja og unnu Pólverjar með tveimur mörkum gegn einu.

Guðni Kjartansson, sem verið hefur við stjórnvölinn í 15 ár, hefur ákveðið að hætta þjálfun U19 á þessu ári, en hann mun halda áfram störfum með það lið sem tryggði sér rétt til að leika í milliriðli.

Gengið hefur verið frá ráðningu Kristins Rúnar Jónssonar fyrir

landslið U19 karla og er samningur hans til tveggja ára.

### U17 LANDSLIÐ KARLA

U17 landslið karla lék undir stjórn Lúkasar Kostic. Eins og mörg undanfarin ár voru verkefnin tvö fyrir þetta lið, Opna Norðurlandamótið og undankeppni Evrópumótsins.

NM fór að þessu sinni fram í Færeyjum 31. júlí - 4. ágúst og var fyrsti leikurinn gegn Fínum. Það var ekki bjart útlitið fyrir íslensku strákana í byrjun því eftir sjö mínútur höfðu Finnarnir náð að skora tvisvar. Kom fyrra mark þeirra á 3. mínútu og það síðara á 7. mínútu. En þá spýttu íslensku strákarnir í lófana og voru búnir að jafna áður en gengið var til leikhles. Okkar menn skorðu svo þrjú mörk í síðari hálfleik og unnu öruggan sigur.

Næsti leikur var gegn Dönum og komust þeir yfir á 15. mínútu. Íslendingar jöfnuðu fyrir hlé, en Danir bættu tveimur mörkum við í síðari hálfleik og báru sigur úr bítum.

Síðasti leikurinn í riðlinum var gegn heimamönnum. Færeyska liðið skoraði tvisvar sinnum í fyrri hálfleik og höfðu því forystu þegar flautað var til leikhles. Hvorugu liðinu tókst svo að setja mark sinn á leikinn í seinni hálfleik og þar við sat.

Danir urðu efstir í A riðli með 7 stig, Finnar hlutu 4 stig í öðru sæti, Íslendingar í því þriðja á betri markatölu en Færeyingar, en báðar hlutu þjóðirnar 3 stig.

Í leikjum um sæti lögðu okkar menn U19 lið Færeyinga með tveimur mörkum gegn einu. Danir lögðu Englendinga í úrslitaleik og urðu Norðurlandameistarar.

Okkar riðill í undankeppni EM fór fram í Rúmeníu í september. Fyrsti

leikur okkar var gegn heima-  
mönnum og lauk með jafntefli, 1-1.  
Annar leikurinn var gegn Frökkum  
og fengu þeir óskabyrjun og  
skoruðu eftir aðeins 30 sekúndur.  
Þeir bættu svo öðru marki við á 20.  
mínútu og leiddu með tveimur  
mörkum í hálfleik. Bæði lið bættu  
við einu marki í seinni hálfleik og  
Ísland því með eitt stig eftir tvo  
leiki.

Síðasti leikurinn var gegn Litháum.  
Íslendingar komust yfir strax á 6.  
mínútu en Litháar jöfnuðu metin á  
30. mínútu og þannig var staðan í  
hálfleik. Í seinni hálfleik voru  
okkar menn mun betri aðilinn og  
bættu við þremur mörkum.

Íslendingar og Rúmenar voru með  
fjögur stig, en markatala Íslendinga  
var betri og tryggði liðið sig þannig  
áfram í milliriðla ásamt Frökkum,  
sem unnu alla sína leiki.

## ÚRTÖKUMÓT

Hið árlega úrtökumót fór fram að  
Laugarvatni í ágúst. Þar komu  
saman tæplega 70 drengir og fór  
mótið vel fram. Úrtökumót þetta er  
haldið vegna vals á drengjum sem  
eru gjaldgengir í U17 liðið á árinu  
2007.

## MÍÐASALA Á LANDSLEIKI Í GEGNUM MIDI.IS

Samið var við fyrirtækið Miði.is  
um hönnun og uppsetningu á  
miðasölukerfi fyrir leiki á Laugar-  
dalsvelli. Öll sala aðgöngumiða á  
landsleiki ársins fór því í gegnum  
þetta nýja miðasölukerfi, hvort sem  
um var að ræða forsölu eða sölu á  
leikdegi.

## ATVINNUMENN ERLENDIS

Á fimmta tug Íslendinga eru í dag  
atvinnumenn með erlendum liðum  
og hefur þessi fjöldi haldist nokkuð  
stöðugur undanfarin ár. Flestir leika  
á England og í Noregi, en íslenskir

leikmenn eru einnig hjá liðum í  
Noregi, Danmörku, Belgíu, Spáni,  
Hollandi, Svíþjóð, Skotlandi og  
Þýskalandi.

Margir af landsliðsmönnum okkar  
höfðu vistaskipti í atvinnu-  
mennskunni. Hæst bera að sjálf-  
sögðu félagaskipti Eiðs Smára  
Guðjohnsen frá stjórnnum prýddu  
liði Chelsea til Spánar- og  
Evrópumeistara Barcelona. Arnar  
Þór Viðarsson yfirgaf belgíska liðið  
Lokeren eftir 6 ára þjónustu og  
gekk í raðir Twente í Hollandi.  
Emil Hallfreðsson var lánaður frá  
Tottenham til Malmö í sænsku  
úrvalsdeildinni. Gunnar Heiðar  
Þorvaldsson flutti sig um set og fór  
til Hannover í Þýskalandi frá  
sænska liðinu Halmstad. Hannes Þ.  
Sigurðsson fór frá Stoke City og til  
Brøndby í Danmörku. Indriði  
Sigurðsson fór frá belgíska liðinu  
Genk til norska liðsins Lyn og  
Jóhannes Karl Guðjónsson skipti til  
hollenska liðsins AZ Alkmaar frá  
Leicester. Þá fór Jóhann B.  
Guðmundsson frá Örgryte til  
grannaliðsins GAIS. Unglinga-  
landsliðsmaðurinn Marko Pavlov  
fór frá franska liðinu Metz til  
hinnar sólríku spænsku eyjar  
Mallorca og gekk þar til liðs við  
RC San Francisco, sem er  
unglingalið Real Mallorca.

Nokkuð var um félagaskipti úr  
íslenskum liðum í erlend. Helgi  
Valur Daníelsson fór frá Fylki til  
Öster í Svíþjóð, Ármann Smári  
Björnsson fór til Brann frá FH,  
Garðar Gunnlaugsson til Norr-  
köping frá Val, Gunnar Þór  
Gunnarsson til Hammarby frá Fram  
og Marel Baldvinsson frá Breiða-  
blikki til Molde í Noregi. Þá gekk  
Ari Freyr Skúlason til liðs við  
sænska liðið Häcken frá Val,  
Ólafur Eiríksson skipti úr Val í  
danska liðið Silkeborg, eins og  
Hörður Sveinsson og Hólmar Örn  
Rúnarsson gerðu, en þeir voru áður  
í röðum Keflavíkur.

## HERMANN KOMINN Í HÓP LEIKJAHÆSTU MANNA

Hermann Hreiðarsson náði þeim  
áfanga á árinu að leika sinn 70. leik  
fyrir A landslið Íslands og er hann  
því kominn í hóp kappa eins og  
Atla Eðvaldssonar, Arnórs Guð-  
johnsen og Guðna Bergssonar, svo  
einhverjir séu nefndir. Þó er enn  
langt í þann leikjahæsta, Rúnar  
Kristinsson, sem lék 104 landsleiki.  
Þá lék Heiðar Helguson sinn 40.  
landsleik á árinu og Jóhannes Karl  
Guðjónsson sinn þrítugasta.

## EIÐUR SMÁRI JAFNAÐI MARKAMET RÍKHARÐS

Landsliðsfyrirliðinn Eiður Smári  
Guðjohnsen jafnaði á árinu marka-  
met Ríkharðs Jónssonar, sem gerði  
17 mörk fyrir landsliðið á sínum  
tíma. Eiður skoraði eitt mark fyrir  
landsliðið á árinu, á útivelli gegn  
Norður-Írum, og er því kominn  
með 17 mörk, eins og Ríkharður.

## A LANDSLIÐ KVENNA

Árið 2006 var seinna ár okkar í  
riðlakeppni HM 2007 og leiknir  
voru fimm leikir í undankeppni HM  
ásamt þremur vináttuleikjum, undir  
stjórn Jörundar Áka Sveinssonar.  
Fyrsta verkefni ársins var  
vináttuleikur gegn Engendingum  
ytra í mars sem tapaðist 0-1. Í apríl  
var leikinn vináttuleikur gegn  
Hollandi sem einnig tapaðist, að  
þessu sinni 1-2.

Fyrsti leikurinn í riðlakeppni HM  
var gegn Hvít-Rússum ytra í maí og  
vannst 2-1 sigur. Blásið var til  
hátíðahalda þann 18. júní er  
íslenska kvennalandsliðið lék sinn  
100. landsleik frá upphafi.  
Mótherjar voru Portúgalir og vann  
íslenska liðið örugglega 3-0.

Þriðji HM leikur ársins var gegn  
Tékkum heima þann 19. ágúst.

Með sigri í leiknum hefði íslenska liðið átt möguleika á að veita Svíum harða keppni um sæti í úrslitakeppni HM. Það gekk því miður ekki eftir og báru Tékkar sigur úr býtum, 4-2.

Þann 26. ágúst var tekið á móti Svíum og átti íslenska liðið aldrei möguleika gegn sterku liðið þeirra og tapaði 0-4. Lokaleikurinn í riðlinum var gegn Portúgölum ytra í lok september og vannst öruggur 6-0 sigur.

Dregið var í desember í riðlakeppni EM 2007 og lentum við þar í riðli með Frökkum, Serbum, Grikkjum og Slóvenum. Þessi niðurstaða verður að teljast hagstæð og vekur vonir um að liðið nái langþráðu markmiði árið 2009 og komist í úrslitakeppni EM. Nýir þjálfarar voru ráðnir til starfa í árslok en það eru þeir Sigurður Ragnar Eyjólfsson og Guðni Kjartansson.

### U21 LANDSLIÐ KVENNA

Elísabet Gunnarsdóttir var við stjórnvölinn hjá U21 liði kvenna. Eina verkefnið á árinu var Opna Norðurlandamótið, sem fram fór í Noregi að þessu sinni og kom íslenska liðið mörgum á óvart með góðri frammistöðu sinni.

Liðið hóf riðlakeppnina með góðum sigri á Noregi 3-2 sem gaf tóninn. Annar leikur íslenska liðsins var gegn Bandaríkjunum þar sem liðin skildu jöfn 1-1. Þriðji leikur Íslands og sá síðasti í riðlakeppninni, var gegn Dönnum og sigraði íslenska liðið örugglega 6-1. Þegar upp var staðið eftir riðlakeppnina höfðu Ísland og Bandaríkin jafn mörg stig í efsta sæti riðilsins, en Bandaríkin höfðu einu marki betur í markatölu sem þýddi að íslenska liðið lék um þriðja sætið en ekki það fyrsta. Leikið var gegn Svíum um 3. sæti og var fyrsta tap liðsins staðreynd 0-1.

### U19 LANDSLIÐ KVENNA

Ólafur Þór Guðbjörnsson þjálfaði U19 landslið kvenna, eins og hann hefur gert alveg frá árinu 1999. Ólafur hefur stjórnað liðinu í öllum leikjum þess nema einum, þeim fyrsta.

Með góðum árangri í undankeppni EM haustið 2005 tryggði íslenska liðið sér sæti í milliriðlum sem fram fóru í apríl í Rúmeníu. Þar lék íslenska liðið í riðli með Rúmeníu, Englandi og Danmörku

Íslenska liðið byrjaði illa og tapaði 1-7 gegn Englandi. Danir voru næstir og tapaðist sá leikur, 1-2. Síðasti leikur riðilsins var gegn Rúmenum og í þeim leik sigraði íslenska liðið örugglega 4-0.

Árið 2006 hófst markviss undirbúningur íslenska liðsins sem leikur í úrslitakeppni EM í júlí 2007. Liðið, sem er skipað leikmönnum fæddum 1988 og síðar, lék tvo vináttuleiki í nóvember, báða á heimavelli gegn Englandi. Fyrri leikurinn, sem fram fór í Akraneshöllinni, tapaðist 0-4 en sá síðari sem fram fór í Egilshöll í Grafarvogi tapaðist 0-3.

### U17 LANDSLIÐ KVENNA

Það voru þau Erna Þorleifsdóttir og Jón Ólafur Daníelsson sem þjálfuðu U17 kvennalandsliðið.

Ísland tók þátt í Opna Norðurlandamóti U17 landsliða sem fram fór í Finnlandi. Liðið byrjaði vel og vann Holland 1-0. Næstu tveir leikir töpuðust stórt, 0-5 fyrir Þýskalandi og 0-3 fyrir Svíþjóð. Liðið lék því um 5. sætið við Danmörku og beið lægri hlut, að þessu sinni 1-2 og hafnaði í 6. sæti.

Kristrún Lilja Daðadóttir var ráðinn landsliðsþjálfari U17 kvenna í árslok.

### LANDSLEIKJAÁFANGAR

Edda Garðarsdóttir lék sinn 40. A landsleik á árinu, Margrét Lára Viðarsdóttir lék sinn 25. leik fyrir liðið og skoraði jafnframt sitt 20. mark. Guðlaug Jónsdóttir tilkynnti í árslok síðar að hún hefði ákveðið að leggja landsliðsskóna á hilluna og verður mikill sjónarsviptir að þessum öfluga og reynslumikla leikmanni.

### 10 MILLJÓNIR FYRIR SÆTI Í ÚRSLITAKEPPNI EM 2009

Stjórn KSÍ ákvað á fundi sínum í janúar 2007 að kvennalandsliðið fái 10 milljón króna afreksstyrk komist liðið í úrslitakeppni EM 2009, sem skiptist milli þeirra leikmanna sem taka þátt í riðlakeppninni.

### STYRKLEIKALISTAR FIFA

A-landslið karla var í 93. sæti á styrkleikalista FIFA í lok ársins 2006 og hækkaði því um eitt sæti frá árinu á undan. Listinn er gefinn út mánaðarlega. A-landslið kvenna var í 21. sæti í lok árs á styrkleikalista FIFA fyrir kvennalandslið sem gefinn er út þrisvar sinnum á ári, og féll því um tvö sæti frá árinu á undan.

### LEIKJUM FJÖLGAR HJÁ KVENNALANDSLIÐINU

Heildarfjöldi landsleikja á árinu var sá sami og árið á undan, eða 47 – 26 karlaleikir og 21 kvennaleikur. Athyglisvert er að leikjum A-landsliðs kvenna á ári hverju fjölga jafnt og þétt og lék liðið t.a.m. fleiri leiki á síðasta ári en karlalandsliðið.

### 100. LEIKURINN

Íslenska kvennalandsliðið lék sinn 100. leik á árinu þegar Portúgalar

voru lagðir með þremur mörkum gegn engu á Laugardalsvelli í júní. Fyrsti leikur A-landsliðs kvenna var vináttulandsleikur gegn Skotum árið 1981.

## ÚRSLITAKEPPNI EM U19 KVENNA Á ÍSLANDI 2007

Úrslitakeppni EM U19 landsliða kvenna verður haldin á Íslandi í júlí 2007. Ákveðið var að sækja um keppnina í tilefni af 60 ára afmæli KSÍ á árinu. Úrslitakeppni sem þessi er gríðarlega umfangsmikið verkefni, en alls leika þar 8 lið í tveimur riðlum. Óhætt er að segja að mótið verði mikil lyftistöng fyrir íslenska knattspyrnu og knattspyrnuáhugafólk hér á landi og eru miklar vonir bundnar við að góður árangur náist í úrslitakeppninni, sem mun vafalítið hafa mjög jákvæð áhrif á kvennaknattspyrnu hér á landi. Leikið verður á sjö völlum - Akranesvelli, Grindavíkuvelli, Hlíðarenda, Kópavogsvelli, KR-velli, Laugardalsvelli og Víkingsvelli. Dregið verður í riðla úrslitakeppninnar í lok maí og verða tveir leikir sýndir beint á sjónvarpsstöðinni Eurosport.

## HEIMALANDSLEIKIR SÝNDIR BEINT Á RÚV

Samið var við RÚV um beinar útsendingar frá heimaleikjum A-landsliðanna til 2009, og getur knattspyrnuáhugafólk því séð leiki liðanna á RÚV. Landsleikir A liðs karla á útivelli verða á Sýn og þegar sýnt verður frá útilandsleikjum A liðs kvenna verður það á RÚV.

## FLEIRI KONUR Í ATVINNUMENNSKU

Árangur Ásthildar Helgadóttur með sænska liðinu Malmö hefur vakið verðskuldaða athygli. Hún var á

meðal markahæstu leikmanna og var jafnframt valin ein af bestu sóknarmönnum deildarinnar, sem er ein af þeim allra sterkustu í heiminum um þessar mundir.

Fleiri konur hafa reynt fyrir sér í atvinnumennsku á undanförunum misserum og er það vel. Dóra Stefánsdóttir er liðsfélagi Ásthildar hjá Malmö og Margrét Lára Viðarsdóttir gekk til liðs við þýska liðið Duisburg að loknu keppnistímabilinu hér heima. Þá lék Hólmfríður Magnúsdóttir með Fortuna Hjörning í Danmörku.

## EIÐUR OG MARGRÉT LÁRA KNATTSPYRNUFÓLK ÁRSINS

Leikmannaval KSÍ valdi Eið Smára Guðjohnsen og Margréti Láru Viðarsdóttur knattspyrnuafólk ársins 2006. Tilkynnt var um valið í hófi á Hótel Nordica í lok desember. Í Leikmannavali KSÍ eru aðallega fyrrverandi landsliðsmenn, þjálfarar og forystumenn í knattspyrnuhreyfingunni.

Eiður Smári hampaði í vor enska meistaratitlinum í annað sinn á tveimur árum með Chelsea, en í sumar gekk hann til liðs við annað stórlíð, spænska stórveldið Barcelona, og hefur staðið sig frábærlega það sem af er keppnistímabilinu. Eiður jafnaði á árinu markamet Ríkharðs Jónssonar með íslenska landsliðinu, hefur nú skorað 17 mörk í 44 landsleikjum og væntanlega er þess ekki langt að bíða að metið verði slegið. Eiður Smári Guðjohnsen er sannarlega glæsilegur fulltrúi íslenskrar knattspyrnu.

Hægt er að segja að Margrét Lára hafi átt ótrúlegt keppnistímabil með Val, nánast fullkomið tímabil. Með Margréti Láru innanborðs vann Valsliðið sigur í deild og bikar og skoraði markadrottningin hvorki meira né minna en 39 mörk alls,

þar af 34 í deildinni, og sló þar með 25 ára gamalt met. Margrét Lára lék átta landsleiki á árinu, skoraði í þeim 8 mörk og hefur nú skorað 21 mark í 26 landsleikjum. Margrét Lára Viðarsdóttir er frábær fulltrúi íslenskrar knattspyrnu.

## KNATTSPYRNUFÓLK ÁBERANDI Í KJÖRINU

Eiður Smári Guðjohnsen, fyrirlíði íslenska landsliðsins í knattspyrnu, varð í öðru sæti í kjöri á Íþróttamanni ársins fyrir árið 2006. Tvær knattspyrnukonur urðu á meðal tíu efstu í kjörinu á að þessu sinni. Þetta voru þær Margrét Lára Viðarsdóttir, sem hafnaði í fimmta sæti og Ásthildur Helgadóttir sem hafnaði í sjöunda sæti.

.....

## EVROPULEIKIR FÉLAGSLIÐA

### MEISTARAEILD UEFA

Íslandsmeistarar FH báru sigurorð af eistnesku meisturunum TVMK Tallinn og komust í 2. umferð forkeppninnar. FH sigraði í útileiknum með þremur mörkum gegn tveimur og skoraði Atli Guðnason sigurmarkið á 90. mínútu. Jafntefli varð svo í Kaplakrika, 1-1, og aftur var Atli á skotskónum þegar hann jafnaði metin á 89. mínútu leiksins.

Pólsku meistarnir í Legia frá Varsjá voru andstæðingar FH í annarri umferð og reyndust of sterkir. Fyrri leiknum, í Kaplakrika, lauk með 1-0 sigri gestanna. Þeir unnu svo einnig seinni leikinn, 2-0, og FH því úr leik eftir prýðilega frammistöðu.

## UEFA-BIKARINN

Það voru ÍA og Valur sem voru fulltrúar Íslands í UEFA keppninni og mættu bæði félög dönskum liðum í 1. umferð forkeppinnar.

Skagamenn léku fyrri leikinn ytra við dönsku bikarmeistarana í Randers. Höfðu heimamenn betur með einu marki gegn engu. Á Akranesi mættust liðin í hörkuleik og sigruðu Skagamenn, 2-1, en féllu út þar sem Randers skoraði mark á útivelli.

Valsmenn mættu Brøndby og eftir 34. mínútur voru þeir lentir 3-0 undir á Brøndby Stadion. Þeir náðu þó áttum og minnkuðu muninn með marki seint í leiknum. Seinni leikurinn var baráttuleikur, en lauk með markalausum jafntefli og þátttöku Vals því lokið þetta árið.

## INTERTOTO-KEPPNIN

Keflvíkingar léku í Intertoto-keppninni fyrir Íslands hönd að þessu sinni og mættu Dungannon Swifts frá Norður-Írlandi í fyrstu umferðinni. Keflvíkingar unnu öruggan sigur í heimaleik sínum, 4-1. Þeir létu sér nægja markalaust jafntefli í seinni leiknum ytra og voru komnir í aðra umferð.

Lilleström frá Noregi voru mótherjarnir í 2. umferð og í fyrri leiknum í Noregi unnu heimamenn, 4-1. Seinni leiknum lauk svo með jafntefli, 2-2 og Keflvíkingar því fallnir úr keppni.

## UEFA-BIKAR KVENNA

Árangur Breiðabliks í UEFA-keppni kvenna var frábær og sýndi hversu sterk íslensku félagsliðin eru orðin á alþjóðlegan mælikvarða. Breiðablik komst í 8-liða úrslit eins og Valsstúlkur árið áður.

Blikastúlkur léku undanriðil sinn í Austurríki, unnu hann með fullu húsi stiga og héldu markinu hreinu að auki. Fyrsti sigurinn var á SU 1. Dezembro frá Portúgal, 4-0. Því næst voru heimastúlkur í Neulengbach lagðar, 3-0, áður en Newtown-abbey frá Norður-Írlandi voru sigraðar 7-0.

Milliriðillinn var leikinn í Helsinki og var fyrsti leikurinn gegn heimaliðinu, HJK Helsinki. Þar tryggðu Blikar sér sigur, 2-1 og skoruðu sigurmarkið með síðustu spyrnu leiksins. Næstu andstæðingar voru Evrópu- og Þýskalandsmeistarar Frankfurt sem reyndust of stór biti og tapaðist leikurinn, 0-5. Nægði Blikastúlkum jafntefli í síðasta leik sínum, gegn meistarum Hvíta-Rússlands, til þess að komast í átta liða úrslit. Fór svo að Breiðablik vann Vitebsk með einu marki gegn engu.

Mótherjarnir í átta liða úrslitum voru svo enska liðið Arsenal. Fyrri leikurinn fór fram á Kópavogsvelli og eftir mikla baráttu reyndust Arsenal sterkari á lokasprettinum og unnu með fimm mörkum gegn engu. Seinni leikinn í London vann Arsenal einnig, nú með fjórum mörkum gegn einu. Þar með var Evrópuævintýri Breiðabliks lokið í þetta skiptið en árangurinn sannarlega glæsilegur.

•••••

## MANNVIRKJAMÁL

### LAUGARDALSVÖLLURINN EINS OG NÝR LEIKVANGUR

Ásýnd Laugardalsvallar hefur svo sannarlega tekið stakkaskiptum á undanfögnu ári. Framkvæmdir við vesturstúkuna hófust síðla árs 2005 og hefur hraði framkvæmda verið mikill á síðustu mánuðum, þegar unnið er að því að leggja lokahönd

á verkefnið. Sætum hefur verið fjölgað verulega og aðstaða áhorfenda verið stórbætt, bæði hvað varðar stúkuna sjálfa, sem og aðra þjónustu. Vesturstúkan (endurbætt gamla stúka) tekur nú um 6.500 manns í sæti, austurstúkan tekur 3.500 manns, og völlumurinn í heild rúmar því nú um 10.000 áhorfendur.

Aðkoma að leikvanginum er einnig allt önnur með tilkomu nýrrar byggingar aftan við vesturstúkuna sem hýsir skrifstofur og fræðslusetur KSÍ. Með tilkomu þeirrar aðstöðu er skrifstofunni gert kleift að auka enn hina ýmsu þjónustu sem veitt er aðildarfélögum, auk þess sem aðstaða til móttöku gesta og funda er stórbætt. Framvegis mun KSÍ að langmestu sjálft hýsa blaðamannafundi, ráðstefnur, þjálfaranámskeið o.s.frv. og þarf því ekki að leita eftir aðstöðu annars staðar, þó alltaf geti komið til þess við sérstakar aðstæður.

## LEYFISKERFIÐ HEFUR LYFT GRETTISTAKI

Í mannvirkjanefnd var unnið að 2. útgáfu af leyfishandbók KSÍ á árinu. Þó að verulegar breytingar séu á handbókinni, þá á það ekki við um mannvirkjakaflann, sem breytist ekki mikið ef frá er talið að með þessari útgáfu kemur 1. deildin inn í leyfiskerfið og þurfti að meta hvaða kröfur skyldi gera þar í leyfiskerfinu. Nú er einnig komið að þeim tímamörkum að undanþágur vegna aðstöðu áhorfenda fást ekki framlengdar. Leyfiskerfið hefur skilað grettistaki hvað þetta varðar.

## SPARKVALLAÁTAKIÐ

Sparkvallaátak KSÍ er stærsta útbreiðsluátak sem ráðist hefur verið í á vegum sambandsins. Byggðir hafa verið 76 sparkvöllir



víðs vegar um landið með fjárfraðslögum frá UEFA, Alþingi og sveitarfélögum. Helstu styrktaraðilar verkefnisins eru Eimskip, Olís, VÍS og Kaupþing. Stefnt er að því að byggja 35 sparkvelli á næsta ári og verða þeir því samtals orðnir 111 talsins. Tekist hefur að mæta þeirri eftirspurn sem var eftir sparkvöllum í upphafi átaksins. Sparkvellirnir eru flestir staðsettir á skólalóðum til að reyna að ná einnig til barna sem eru að jafnaði ekki að æfa knattspyrnu hjá aðildarfélögum.

### KSÍ OG KÓPAVOGSBÆR GERA SAMKOMULAG

Kópavogsbær og KSÍ undirrituðu á síðasta ári samkomulag um afnot og aðstöðu í knattúsi Kópavogsbæjar sem áætlað er að reisa í Vallakór í Vatnsendahverfi síðar á þessu ári. Markmið samkomulagsins er m.a. að tryggja að knattúsið uppfylli skilyrði sem sett eru vegna kappleikja á alþjóðlegum vettvangi sem og að auka nýtingu mannvirkisins.

### KRÆKTU SÉR Í SÆTI

Níu félög nýttu sér tækifærið og kræktu sér í gömlu sætin úr vesturstúkunni á Laugardalsvelli, en eins og kunnugt er var unnið að endurbótum á stúkunni og eru ný sæti hluti af þeirri framkvæmd. Sætin koma sér vafalítið vel fyrir þessi félög og ljóst að aðstaða áhorfenda á völlum félaganna mun batna verulega í náinni framtíð. Þau félög sem kræktu sér í sæti voru Dalvík, Fram, Fylkir, Hvöt, Keflavík, Leiknir R., Njarðvík, Víðir og Drangur.

•••••

## FRÆÐSLUMÁL

### ÞJÁLFAFARMENNTUN

KSÍ bauð í fyrsta skipti upp á öll 7 þjálfarastigin sín á einu ári, enda var þetta starfsár það fyrsta eftir að KSÍ fékk leyfi UEFA til að veita UEFA-B og UEFA-A þjálfara-gráður. Menntun knattspyrnuþjálfara á Íslandi hefur stórauðist og mörg félög leggja mikla áherslu á þennan þátt í starfinu hjá sér. KSÍ hyggst freista þess að koma á tengslum við enska knattspyrnusambandið með von um að geta boðið þjálfurum á Íslandi upp á að ljúka við UEFA Pro þjálfara-gráðu. Sú vinna er eitt af aðalverkefnum næsta starfsárs.

### STAÐA Á MENNTUN ÞJÁLFAFARA KÖNNUÐ

KSÍ ásamt íþróttafraeðinemum við KHÍ á Laugarvatni mun á nýju starfsári kanna stöðuna á menntun allra knattspyrnuþjálfara á Íslandi. Með því mun KSÍ m.a. fá upplýsingar um hversu margir starfa við knattspyrnuþjálfun á Íslandi.

### MIKIÐ ÚRVAL MENNTAÐRA ÞJÁLFAFARA

Fyrir næsta keppnistímabil munu félögin á Íslandi geta valið úr um 200 þjálfurum á Íslandi, sem hafa þá lokið við UEFA-B þjálfara-gráðu og um 70 þjálfara sem munu þá einnig hafa lokið við UEFA-A þjálfara-gráðu.

### NÁMSKEIÐAHALD

Mjög góð þátttaka var á þjálfaranámskeiðum KSÍ eins og undanfarin ár. Haldin voru 10 þjálfaranámskeið og auk þess var boðið upp á opinn og ókeypis fyrirlestur hjá Jens Bangsbo, einum virtasta

fitnessþjálfara í heiminum í dag. Á þessa viðburði mættu alls 392 þjálfarar. Aðeins á árinu 2004 voru haldin fleiri þjálfaranámskeið á vegum KSÍ og þetta er því annað fjölmennasta árið frá upphafi. Flest námskeiðin okkar voru haldin í Reykjavík og Keflavík, en einnig var haldið þjálfaranámskeið á Akureyri og eitt vikunámskeið í Englandi.

KSÍ fékk sérstakt leyfi frá UEFA til að halda sérnámskeið í nóvember 2006 fyrir E-stigs þjálfara, sem luku vikunámskeiði í Þýskalandi í eldra þjálfaramenntunarkerfi KSÍ. Í tilefni af námskeiðinu stóð KSÍ fyrir komu tveggja heimsþekktra fyrirlesara á þetta námskeið, Howard Wilkinson og Jens Bangsbo. Á námskeiðið mættu margir fremstu þjálfarar landsins en þeir útskrifast með UEFA A þjálfara-gráðu í mars 2007.

Á næsta starfsári verður lögð áhersla á að koma á fót endurmenntunarnámskeiðum, að undirbúa farveginn fyrir UEFA Pro þjálfara-gráðu og viðhalda öflugum námskeiðahaldi sem KSÍ býður nú þegar upp á.

### ERLEND SAMSKIPTI

Fulltrúar KSÍ sóttu fjölmargar ráðstefnur um fræðslumál og þjálfaramenntun á árinu. Eyjólfur Sverrisson og Sigurður Ragnar Eyjólfsson voru fulltrúar KSÍ á ráðstefnu í Berlín fyrir A-landsliðsþjálfara og fræðslustjóra knattspyrnusambandanna í Evrópu. Þorlákur Árnason var fulltrúi KSÍ á UEFA ráðstefnu um UEFA-A þjálfara-gráðu fyrir barna- og unglingsþjálfara sem fór fram í Coverciano á Ítalíu. Luka Kostic var fulltrúi KSÍ á árlegri ráðstefnu knattspyrnusambanda Norðurlandanna sem haldin var í Þórshöfn, Færeyjum. Halldór Örn Þorsteinsson fór á vegum KSÍ á UEFA

ráðstefnu um grasrótarknattspyrnu í Nyon í Sviss. Þeir Einar Friðþjófs-son, Halldór Örn Þorsteinsson og Sigurður Ragnar Eyjólfsson fóru til Kaupmannahafnar á vinnufund UEFA varðandi grasrótarsáttmála sambandsins (UEFA Grassroots Charter).

### KNATTSPYRNUFÓLK FRAMTÍÐARINNAR

Knattspyrnskólar drengja og stúlkna fóru að venju fram að Laugarvatni í júní. Skóli stúlkanna fór fram dagana 12. - 16. júní og sóttu hann 32 stúlkur. Sif Atladóttir og Ragna Björg Einarsdóttir höfðu umsjón með stúlkunum. Hjá drengjunum fór skólinn fram dagana 19. - 23. júní en hann sóttu samtals 49 drengir. Freyr Sverrisson var skólastjóri og honum til aðstoðar Guðjón V. Guðjónsson. Þekktir þjálfarar og leikmenn komu í heimsókn í knattspyrnskólana að vanda.

### ÚTBREIÐSLUÁÆTLUN

Útbreiðslunefndin gerði drög að útbreiðsluáætlun á síðasta starfsári sem er í sífelliðri endurskoðun. Það verður hlutverk útbreiðslunefndar á komandi starfsári að fylgja þessari áætlun eftir og reyna að fjölga iðkendum í samráði við aðildarfélagin. Árið 2005 (nýjustu tölur) voru 18.210 skráður iðkendur í knattspyrnu, 5.585 konur og 12.625 karlar. Útbreiðslunefndin hefur sett sér það markmið að 20.000 manns verði skráðir iðkendur í knattspyrnu árið 2007.

Luka Kostic landsliðsþjálfari karla U17 og U21 var ráðinn seint á síðasta starfsári til útbreiðslustarfa hjá KSÍ. Hlutverk Luka er að heimsækja aðildarfélagin, halda erindi um knattspyrnuþjálfun, sýna þjálfurum æfingar úti á velli og vera í ráðgefandi hlutverki.

### ÍSLANDSLEIKAR SPECIAL OLYMPICS Í KNATTSPYRNU

Íslandsleikar Special Olympics í knattspyrnu innanhúss voru haldnir í apríl í Laugardalshöll. Þetta var í 6. sinn sem Íslandsleikar innanhúss eru haldnir, en einnig hafa útileikar verið haldnir á undanförunum árum.

Íslandsleikar þessir eru samstarfs- verkefni Íþróttasambands fatlaðra og KSÍ og eru liður í átaki Special Olympics og UEFA til að auka fjölda þeirra þroskaheftu einstaklinga í Evrópu sem leggja stund á knattspyrnu.

### VIÐURKENNING FYRIR GRASRÓTARSTARF

KS hlaut sérstaka viðurkenningu fyrir besta grasrótarviðburð ársins 2006 – Þæjumótið á Siglufirði, sem hefur um árabil verið haldið með miklum glæsibrag.

Íþróttasamband fatlaðra fékk viðurkenningu fyrir grasrótarviðburð ársins hjá fótluðum vegna Special Olympics.

Þór á Akureyri fékk verðlaun fyrir Pollamótið í eldri flokki, en mótið hefur notið mikilla vinsælda undanfarin ár meðal leikmanna á besta aldri.

### ÞÝSKUBÍLLINN ÓK HRINGVEGINN

KSÍ kom að átaki "Þýskubílsins" sem ók hringveginn og heimsótti íþróttafélög og skóla síðustu tvö ár í tengslum við HM í Þýskalandi 2006. Markmið verkefnisins var að kynna þýska tungu fyrir íslenskum börnum og bjóða upp á örnámskeið í "fótbolta-þýsku", þ.e. helstu hugtökum í knattspyrnu á þýsku. Reynt var að nota tækifærið til að hvetja börn til knattspyrnuíðkunar.

### BARNAPORP BYGGT Í BROVARY Í ÚKRAÍNU

Á árinu lauk byggingu svokallaðs barnaporps í Brovary í Úkraínu, sem SOS-barnaporpin á Íslandi og KSÍ höfðu meðal annars sameinast um að safna fé fyrir, það fyrsta í Úkraínu. Eftir fall Sovétríkjanna hafa SOS-barnaporpin einbeitt sér að uppbyggingu í Austur-Evrópu og Mið-Asíu. Samtökin gera allt sem hægt er til að bæta lífsskilyrði munaðarleysingja, sem skipta þúsundum.

•••••

### ANNAN

#### EGGERT NÁÐI EKKI ENDURKJÖRI

Eggert Magnússon, formaður KSÍ, var í endurkjöri til framkvæmdastjórnar UEFA í janúar 2007. Eggert náði ekki endurkjöri, hafnaði í 8. sæti af 13 frambjóðendum með 23 atkvæði, en sex efstu náðu kjöri. Atkvæðarétt hafa 52 fullrúar knattspyrnusambanda Evrópu. Eggert hafði setið í framkvæmdastjórn UEFA frá 2002.

#### Á MEDAL VINSÆLUSTU VEFSÍÐNA LANDSINS

Vefur KSÍ festi sig enn betur í sessi sem einn af vinsælustu og fjöl-sóttustu vefjum landsins og er ljóst að hönnun og virkni hans hefur tekist vel. Notkunarmöguleikar verða sífellt fleiri og stöðugt er unnið að endurbótum til að bregðast enn betur við upplýsingaleit notenda. Eins og gefur að skilja er umferð um vefinn þyngst yfir sumartímamann og fara heimsóknir þá vel á annað hundrað þúsund í hverjum mánuði.

Ákveðið hefur verið að ráðast í vinnu við nýjan myndavef, sem verður opnaður á árinu 2007. Knattspyrnuháhugafólk mun þá hafa auðveldan aðgang að myndasafni KSÍ, sem telur tugþúsundir myndir frá ýmsum skeiðum íslenskrar knattspyrnusögu.

Á ksi.is er að finna gríðarlega mikið af upplýsingum um alla meginþætti í starfsemi KSÍ, öll mót á vegum KSÍ, KRR-mót, Faxaflóamót, félagaskipti, leikmannasamninga, alla landsleiki og landsliðsmenn frá upphafi, öll eyðublöð, lög og reglugerðir, upplýsingar um leyfiskerfið, fræðslumál og margt fleira. Allar upplýsingar sem skráðar eru í mótakerfi KSÍ uppfærast sjálfkrafa á vefnum og er áhugasömum þannig gert kleift að fylgjast grannt með öllu sem gerist. Hægt að skoða alla landsleiki Íslands frá upphafi á vefnum, auk úrslita annarra leikja í undankeppnum stórmóta og stöðutafna, og unnið er að því að færa úrslit allra leikja í mótum meistaraflokka í mótakerfið, þannig að hægt verði að skoða úrslit og stöðutöflur aftur í tímann á vefnum.

Aðildarfélög sjá um að skrá úrslit og leikskýrslur úr heimaleikjum sínum í gegnum aðgang sinn að vefnum. Þetta hefur gengið vel í flestum tilfellum, en sums staðar þurfa félögin að taka sig verulega á. Með skráningu á vefinn er þjónusta við félagsmenn aukin verulega og afar mikilvægt er að félögin geri sér grein fyrir þessu.

## ÞÁTTTÖKULEYFI VEITT ÖLLUM 10 UMSÆKJENDUM

Fjórða leyfisferlinu lauk í mars 2006 þegar leyfisráð samþykkti á fundi sínum þátttökuleyfi í Landsbankadeild karla það ár til handa öllum umsækjendum, þ.e. þeim 10 félögum sem unnið höfðu sér rétt til að leika í deildinni.

Félögin urðu öll að uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í leyfishandbók KSÍ. Í handbókinni er lýst leyfisveitingaferlinu og þeim lágmarkskröfum sem félög verða að mæta á 5 sviðum sem snúa m.a. að knattspyrnulegu uppeldi leikmanna, æfingaaðstöðu, menntun þjálfara, aðstöðu áhorfenda og fjölmiðla, og síðast en ekki síst fjármálum.

Með leyfisumsókn fyrir 2006 þurfti að fylgja ársreikningur með fullri áritun endurskoðanda, auk staðfestinga á því að engin vanskil væru hjá viðkomandi félagi við leikmenn og aðra starfsmenn, eða vegna félagaskipta. Staðfestingar á þessu bárust frá öllum félögum.

Einnig þurftu félögin að útbúa svokölluð *fjárhagsleg leyfisgögn*. Leyfisráð lagið til við stjórn KSÍ að þrjú félög yrðu sektuð vegna mikils dráttar á skilum á fjárhagslegum leyfisgögnum og var það samþykkt. Einnig voru nokkur félög áminnt þar sem skiladagsetningar leyfisgagna voru ekki virtar.

Sum félög sóttu um frest til aðlögunar vegna væntanlegra mannvirkjaframkvæmda við velli, t.d. aðstöðu fyrir áhorfendur, og var sá frestur veittur gegn því að lögð væri fram áætlun um framkvæmdir og staðfesting á því að framkvæmdum yrði lokið innan setts tímaramma.

Menntun þjálfara yngri flokka var ekki fullnægjandi hjá nokkrum félögum og fengu viðkomandi félög því viðvörðun eða sekt samkvæmt ákvæði þar um í leyfishandbók KSÍ.

## LEYFISHANDBÓK 2.0 TEKIN Í NOTKUN FYRIR 2007

Leyfisferlið fyrir keppnistímabilið 2006 var það síðasta þar sem unnið var eftir leyfishandbók 1.0, en fyrir keppnistímabilið 2007 var ný

handbók, útgáfa 2.0, tekin í notkun. Stærsta breytingin er sú að nú mun leyfiskerfið einnig ná til 1. deildar karla og eru kröfurnar þar ívið minni en í Landsbankadeild.

## GÆÐAMAT FRAMKVÆMT Á LEYFISKERFI KSÍ

Um miðjan september fór fram víðtækt gæðamat á skipulagi leyfiskerfis KSÍ og því starfi sem unnið er við rekstur þess. Matið er framkvæmt árlega af SGS, sem er alþjóðlegt vottunarfyrirtæki og sér um gæðamat á leyfiskerfum fyrir UEFA í aðildarlöndum sambandsins. Skoðunin tókst vel í alla staði og var gæðavottun frá SGS staðfest. Gríðarleg vinna hefur verið lögð í leyfiskerfið hér á landi, bæði hjá KSÍ og félögum í Landsbankadeild karla, og hefur Ísland verið í fararbroddi á meðal aðildarþjóða UEFA í innleiðingu kerfisins frá byrjun.

## LÚÐVÍK GEORGSSON Í LEYFISNEFND UEFA

Lúðvík S. Georgsson, formaður leyfisráðs og mannvirkjanefndar KSÍ, var á árinu valinn til setu í leyfisnefnd UEFA, þeirri nefnd sem fer með málefni leyfiskerfisins innan UEFA. Í nefndinni sitja 10 menn frá jafn mörgum löndum og er valið til tveggja ára í senn.

## IÐKENDAFJÖLDI STENDUR Í STAÐ

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands tekur árlega saman tölfræði yfir iðkendur hjá sérsamböndunum og eru sem fyrr langflestir iðkendur hjá KSÍ. Iðkendur í knattspyrnu voru rúmlega 18.000 árið 2005 (nýjustu tölur) og stendur fjöldinn nokkurn veginn í stað frá árinu á undan. Þess má geta að útbreiðslunefnd KSÍ hefur sett sér það

markmið að fjölga skráðum iðkendum í 20.000 á árinu 2007. Geta má að í tölum ÍSÍ er ekki tekið tillit til þeirra fjölmörgu iðkenda sem leika hádegis- eða kvöldbolta með vinum og kunningjum, þ.e. unga jafnt sem aldna sem leika knattspyrnu eingöngu sér til skemmtunar og heilsubótar. Í tölum ÍSÍ er einungis um að ræða skráða iðkendur hjá Íþróttafélögunum sem stunda knattspyrnu á vegum þeirra.

### KÆRUMÁL

Alls komu upp 15 kærur á árinu. Eins og svo oft áður var í flestum tilfellum um að ræða mál sem komu upp vegna gruns kæranda um ólöglega skipuð lið eða ólöglega leikmenn.

Víkingur Ólafsvík kærði FH vegna leiks í Deildarbikarkeppni karla, þar sem Víkingur Ó. taldi að FH hefði skipt inn á fleiri leikmönnum en leyfilegt var. Dómstóll KSÍ féllst ekki á kröfur Víkings og úrskurðaði að úrslit leiksins skyldu standa óbreytt.

Árborg kærði Afríku vegna leiks í Deildarbikarkeppni karla, þar sem Árborg taldi að leikmaður hefði verið skráður á leikskýrslu undir röngu nafni. Dómstóll KSÍ féllst á kröfur Árborgar og úrskurðaði félaginu 3-0 sigur í leiknum. Auk þess var Afríku gert að greiða sekt.

Fram kærði Fylki vegna leiks í Reykjavíkurmóti 4. flokks karla, þar sem Fram taldi andstæðinga hafa teflt fram ólöglegu liði. Dómstóll KSÍ féllst á kröfur Fram og úrskurðaði félaginu 3-0 sigur í leiknum. Fylkir áfrýjaði dómnum til áfrýjunardómstóls KSÍ og var hinum áfrýjaða dómi hrundið þar og úrslit leiksins látin standa.

ÍA kærði Fram vegna leiks í Íslandsmóti 2. flokks karla, þar sem ÍA taldi andstæðinga sína hafa teflt

fram leikmanni sem var í leikbanni. Dómstóll KSÍ féllst á kröfu ÍA og úrskurðaði félaginu 3-0 sigur í leiknum. Auk þess var Fram gert að greiða sekt. Fram áfrýjaði dómnum, en áfrýjunardómstóll KSÍ hafnaði kröfum Fram og staðfesti fyrri dóm.

Breiðablik kærði HK/Ými vegna leiks í Íslandsmóti 2. flokks karla þar sem Breiðablik taldi andstæðinga sína hafa teflt fram leikmanni sem var í leikbanni. Dómstóll KSÍ féllst ekki á kröfur Breiðablíks og úrskurðaði að úrslit leiksins skyldu standa óbreytt.

Neisti Djúpvogi kærði Leikni Fáskrúðsfirði vegna leiks í 3. deild karla D riðli, þar sem Neisti taldi að leikmaður sem ekki var skráður á leikskýrslu hafi komið inn á sem varamaður í lið Leiknis. Dómstóll KSÍ féllst ekki á kröfur Neista og úrskurðaði að úrslit leiksins skyldu standa óbreytt. Neisti áfrýjaði dómnum til áfrýjunardómstóls KSÍ sem staðfesti hinn áfrýjaða dóm.

ÍR kærði ÍA vegna leiks í Íslandsmóti 4. flokks karla, þar sem leikmanni ÍR var meinað að koma inn á að nýju eftir að hafa verið skipt af velli. Fór ÍR fram á að leikurinn yrði leikinn að nýju. Dómstóll KSÍ féllst á kröfur ÍR og úrskurðaði úrslit leiksins ómerk og að hann skyldi leikinn að nýju. ÍA áfrýjaði dómnum til áfrýjunardómstóls KSÍ og var hinum áfrýjaða dómi hrundið þar og úrslit leiksins látin standa.

Vinir kærðu Neista Djúpvogi vegna leiks í 3. deild karla D riðli, þar sem Vinir töldu að þjálfari Neista hefði stjórnað liðinu þrátt fyrir að vera í leikbanni. Dómstóll KSÍ féllst á kröfu Vina og úrskurðaði félaginu 3-0 sigur í leiknum.

Breiðablik kærði FH vegna leiks í Íslandsmóti 4. flokks kvenna B, þar

sem Breiðablik taldi andstæðinga sína hafa teflt fram ólöglegu liði. Dómstóll KSÍ féllst á kröfu Breiðablíks og úrskurðaði félaginu 3-0 sigur í leiknum. Auk þess var FH gert að greiða sekt. FH áfrýjaði dómnum til áfrýjunardómstóls KSÍ sem staðfesti dóminn en lækkaði sekt FH.

Höttur kærði Fjarðabyggð vegna leiks í Íslandsmóti 2. flokks karla C2 deild, þar sem Höttur taldi andstæðinga hafa teflt fram ólöglegu liði. Dómstóll KSÍ féllst á kröfu Hattar og úrskurðaði félaginu 3-0 sigur í leiknum. Auk þess var Fjarðabyggð gert að greiða sekt.

Haukar kærðu Þrótt Reykjavík vegna leiks í 1. deild kvenna, þar sem Haukar töldu aðstoðardómara leiksins ekki hafa tilskilin réttindi en dómarnir voru á vegum Þróttar R. Dómstóll KSÍ féllst ekki á kröfur Hauka og úrskurðaði að úrslit leiksins skyldu standa óbreytt. Haukar áfrýjuðu dómnum til áfrýjunardómstóls KSÍ sem staðfesti hinn áfrýjaða dóm.

Breiðablik kærði HK vegna leiks í Faxaflóamóti 4. flokks kvenna B, þar sem Breiðablik taldi andstæðinga hafa teflt fram ólöglegu liði. Dómstóll KSÍ féllst ekki á kröfu Breiðablíks og úrskurðaði að úrslit leiksins skyldu standa.

KR kærði Selfoss vegna leiks í Íslandsmóti 3. flokks karla B-liða á milli KR-2 og Selfoss, þar sem KR taldi andstæðinga sína hafa teflt fram ólöglegu liði. Dómstóll KSÍ féllst á kröfu KR og úrskurðaði félaginu 3-0 sigur í leiknum.

Þór/KA kærði ÍR vegna leiks í aukakeppni Íslandsmóts meistara-flokks kvenna á milli Þórs/KA og ÍR, þar sem að Þór taldi andstæðinga hafa teflt fram ólöglegu liði. Dómstóll KSÍ féllst á kröfu Þórs og úrskurðaði félaginu 3-0 sigur í leiknum. ÍR áfrýjaði

dómnum til áfrýjunardómstóls KSÍ þar sem hinum áfrýjaða dómi var hrundið og úrslit leiksins lätin standa. Þór/KA skaut málinu til áfrýjunardómstóls ÍSÍ sem tók málið fyrir og úrskurðaði Þór/KA sigur í leiknum, 3-0.

## SAMSTARFSADILAR KSÍ

KSÍ kynnti í byrjun árs nýja samninga við sjö fyrirtæki undir yfirskriftinni *Alltaf í boltanum með KSÍ*. KSÍ ákvað að tengja slagorðið *Alltaf í boltanum* við starfsemi sína, en það lýsir vel því hugarfari sem einkennir allt starfið. Um leið var ákveðið að breyta fyrirkomulagi á samstarfssamningum við íslensk fyrirtæki, fækka þeim, en útvíkka samstarfið. Samningar þessir eru til fjögurra ára og fela í sér í aðalatriðum að fyrirtækin sjö munu verða sýnileg í allri starfsemi KSÍ.

Fyrirtæki þessi eru:

- Coca-Cola (Vífilfell)
- Icelandair
- Íslenskar getraunir
- Landsbankinn
- Mastercard
- Vodafone
- VÍS

Aldrei fyrr hefur Knattspyrnu-sambandið gert jafn verðmæta samninga við íslenskt atvinnulíf, en alls munu fyrirtækin styrkja starfsemi KSÍ um ca. 250 milljónir króna á fjórum árum.

Þá átti KSÍ samstarf við Guðmund Jónasson, Gott fólk, Ísspor, Icelandair-hotels, Heklu, Miða.is, Errea og fleiri þjónustufyrirtæki.

•••••

## FJÁRMÁL

### 71 MILLJÓN KRÓNA TIL ÍSLENSKRA FÉLAGSLIÐA

UEFA ákvað að hækka verulega greiðslur til þeirra félagsliða sem falla úr keppni í forkeppni eða fyrstu umferð Evrópumóta félagsliða. Íslensku félagsliðin fjögur sem léku í Evrópukeppnum síðastliðið sumar fengu alls rúmlega 55 milljónir króna. FH fékk 33,2 mkr., Valur og ÍA fengu 6,4 mkr. hvort félag og Keflavík fékk 9,1 mkr.

Þá ákvað UEFA líkt og áður að hluti af þeim tekjum sem sambandið hafði af Meistaradeild UEFA 2005/2006 myndi renna til félaga í öllum aðildarlöndum UEFA, til eflingar knattspyrnu barna og unglunga.

UEFA setur þau skilyrði að greiðslan fari í gegnum viðkomandi knattspyrnusamband, að einungis þau félög geti fengið greiðslu sem hafa samþykka uppeldisáætlun sem uppfyllir lágmarkskröfur leyfiskerfis viðkomandi knattspyrnusambands varðandi barna- og unglingastarf, og að fjárhæðin skiptist á milli félaganna samkvæmt ákvörðun stjórnar viðkomandi sambands. Þá fá félög sem tóku þátt í Meistaradeild UEFA 2005/2006 ekki hlutdeild í þessari greiðslu.

Stjórn KSÍ ákvað að þessa greiðslu vegna Meistaradeildar UEFA 2005/2006 fengju þau félög sem léku í Landsbankadeildinni 2004 - alls 10 félög (þar sem ekkert íslenskt félag lék í Meistaradeildinni). Hlaut hvert þeirra jafnan hlut, eða um 1,6 milljón kr. Félögin eru, FH, Fram, Fylkir, Grindavík, ÍA, ÍBV, KA, Keflavík, KR og Víkingur. Öll þessi félög uppfylltu kröfur leyfiskerfis KSÍ um uppeldisáætlun á síðasta ári.

Greiðslan til félaganna skal renna óskipt til eflingar knattspyrnu barna og unglunga frá yngstu iðkendum til og með 2. aldursflokks. Verkefni sem KSÍ leggur áherslu á eru fjölgun iðkenda og um leið fjölgun menntaðra þjálfara að störfum hjá félögunum. Þá geta félögin staðið fyrir nýjum þáttum í barna- og unglingastarfi sínu t.d. með námsskeiðum eða knattspyrnuskólum.

Dæmi um kostnaðarliði í þessu starfi eru laun þjálfara, ferðakostnaður vegna þátttöku í keppni, aðstöðuleiga, kaup á tækjum og áhöldum.

Í heildina rann því um 71 milljón króna frá UEFA til íslenskra félagsliða. Þessi fjárhagslegi stuðningur er gríðarlega mikilvægur fyrir íslenska knattspyrnu.

### RÚMAR 16 MILLJÓNIR TIL AÐILDARFÉLAGA KSÍ

Stjórn KSÍ ákvað á fundi sínum í janúar 2006 að greiða rúmar 16 milljónir króna til aðildarfélaga KSÍ, sem gjaldfærast á starfsárið 2006. Þetta er sjötta árið í röð sem aðildarfélög KSÍ njóta slíks framlags. Alls fengu 56 aðildarfélög KSÍ, sem sendu lið til keppni í mótum á vegum KSÍ í yngri aldursflokki utanhúss 2006, framlag frá sambandinu. Félög sem sendu lið til keppni í yngri flokki beggja kynja fengu nú 300 þúsund kr. hvert, en höfðu í fyrri skipti fengið 200 þúsund kr. Félög sem sendu aðeins lið til keppni í yngri flokki annars hvors kynsins fengu nú 200 þúsund kr. hvert, en fengu áður 125 þúsund kr. Samkvæmt þessu fengu 49 félög 300 þúsund kr. og 7 félög 200 þúsund kr., alls 16.100.000 kr.

## 13,5 MILLJÓNIR KRÓNA Í VERÐLAUNAFÉ

Í lok keppnistímabilsins fengu félög greiddar 13,5 milljónir króna í verðlaunafé fyrir árangur í Landsbankadeild og VISA-bikar. Auk þess fengu félögin í Landsbankadeild karla sérstakar greiðslur fyrir sjónvarps- og markaðsréttindi.

### Landsbankadeild karla

Sæti	Félag	Upphæð
1	FH	1.000.000
2	KR	700.000
3	Valur	500.000
4	Keflavík	300.000
5	Breiðablik	300.000
6	ÍA	300.000
7	Víkingur R.	300.000
8	Fylkir	300.000
9	Grindavík	200.000
10	ÍBV	200.000
		<b>4.100.000</b>

### VISA-bikar karla

Sæti	Félag	Upphæð
1	Keflavík	1.000.000
2	KR	500.000
3-4	Víkingur R.	300.000
3-4	Þróttur	300.000
5-8	ÍA	200.000
5-8	ÍBV	200.000
5-8	KA	200.000
5-8	Valur	200.000
9-16	Breiðablik	100.000
9-16	FH	100.000
9-16	Fjarðabyggð	100.000
9-16	Fram	100.000
9-16	Fylkir	100.000
9-16	Grindavík	100.000
9-16	Leiknir R.	100.000
9-16	Njarðvík	100.000
		<b>3.700.000</b>

### Landsbankadeild kvenna

Sæti	Félag	Upphæð
1	Valur	1.000.000
2	Breiðablik	700.000
3	KR	500.000
4	Stjarnan	300.000
5	Keflavík	300.000
6	Fylkir	300.000
7	Þór/KA	300.000
8	FH	200.000
		<b>3.600.000</b>

### VISA-bikar kvenna

Sæti	Félag	Upphæð
1	Valur	1.000.000
2	Breiðablik	500.000
3-4	Fjölknir	300.000
3-4	Stjarnan	300.000
		<b>2.100.000</b>

## 90 MILLJÓNIR KRÓNA FRÁ UEFA OG FIFA

KSÍ fékk um 90 milljóna króna styrk frá UEFA og FIFA á árinu til ýmissa rekstrartengdra verkefna

## BESTA REKSTRARAFKOMA Í SÖGU SAMBANDSINS

Heildartekjur KSÍ samstæðunnar 2006 voru 516,5 milljónir kr. og heildargjöld voru 417,2 milljónir kr. Hagnaður varð því 99,3 milljónir kr.

Í ljósi þess ákvað stjórn KSÍ að greiða sérstakt framlag til aðildarfélaga af hagnaði, alls 16,1 milljón kr. Niðurstaða ársins varð því jákvæð sem nam 83,2 milljónir kr.

Rekstrarhagnaður af reglulegri starfsemi var 19,3 milljónir kr. Rekstrartekjur voru 377 milljónir kr. en rekstrargjöld 357,7 milljónir kr. Rekstrartekjur voru 7% umfram áætlun en rekstrargjöldin voru 2% umfram áætlun.

Eins og mörg undanfarin ár voru fjármunatekjur stór liður í afkomu KSÍ. Á árinu 2006 námu þær 103,8 milljónum kr. en fjármagnsgjöld voru 14,3 milljónir kr.

Þriðja árið í röð voru lagðir fjármunir í sparkvallagerð vítt og breitt um landið. Kostnaður við sparkvallaátakið er nú alls rúmlega 180 milljónir kr.

Rekstrarafkoma KSÍ samstæðunnar er sú besta í sögu sambandsins og eigið fé hennar var í lok árs 2006 orðið 280,6 milljónir kr. Eins og fram hefur komið mun KSÍ verja 100 milljónum kr. af eigið fé í mannvirkjasjóð.